

DÖFFBLAÐIÐ



TÍMARIT FÉLAGS HEYRNARLAUSRA

JÚNÍ 2013

NÝTT HÚSNÆÐI Í
ÞVERHOLTI
sem félagið keypti

MÁLNEFND UM
ÍSLENSKT
TÁKNMÁL

Eftir Kareninu Chicodo

STUTTMYNDA- &
LEIKLISTARHÁTIÐ
Á ÍSLANDI

Eftir Hjördísi Önnu Haraldsdóttur

Íslenskar konur sem tóku við verkefninu

NORTHERN LIGHTS THEATRE

segja frá upphafinu, hvatningu og markmiðum verkefnisins

Eftir Elsu Guðbjörgu Björnsdóttur
& Margréti Pétursdóttur

Stundum er betra að vera viss!

Lyfju fíkniefnapróf fyrir þvagsýni eru afar einföld í framkvæmd og henta því vel til heimanotkunar. Hver kassi inniheldur fíkniefnaprófspjald, plasthanska og þvagprufuglas. Umbúðirnar eru íslenskar, leiðbeiningarnar eru skýrar og einfaldar og á innri hlið kassans eru nánari upplýsingar sem eru ætlaðar þeim sem les úr prófinu.

Gruni þig einhvern um neyslu fíkniefna er þetta einföld, fljótleg og sársaukalaus leið til að komast að hinu sanna.

Framkvæmd:

- Þvagsýni tekið
- Prófið framkvæmt
- Beðið í 5 mínútur
- Lesið í niðurstöður

Túlkun niðurstaðna:

- Lesa skal af hverjum strimli fyrir sig
- Dauf lína telst alltaf fullgild lína
- Tvær línur í glugganum: Efnið mælist ekki ☹
- Ein lína í glugganum: Efnið mælist ☺



DÖFFBLAÐIÐ

TÍMARIT FÉLAGS HEYRNARLAUSRA | JÚNÍ 2013

Í ÞESSU BLAÐI...

- 4 Pistill formanns og fjármálastjóra
- 5 Húsnæði í Þverholti
- 6 Alþjóðlegt táknmál
- 7 Gaman saman
- 8 Kæra Ísland
- 10 Kokkanemi sem setur fullan kraft í að verða kokkur
- 13 Stuttmynda- og leikritarhátíð á Íslandi
- 14 Nýr prestur heyrnarlausra
- 16 Blátt Áfram
- 17 Siðareglur félagsins
- 18 Dagur íslenska táknmálsins
- 20 Northern Lights Theatre
- 24 Íslandsmót í keilu
- 25 Signwiki á Íslandi, Tansaníu og Namibíu
- 26 Fljúgandi töfrateppi varð ekta
- 27 Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslenskt táknmál
- 28 Málnefnd um íslenskt táknmál
- 30 Grunnskólakennari með fjölbreytta reynslu
- 32 Kuðungsiðgræðsla
- 33 Fráföll félagsmanna
- 34 Vísindasiðfræði og heyrnarleysi
- 35 Konukvöld

„...VEKJA ATHYGLI Á OKKAR
FALLEGA TÁKNMÁLI..“

Úr greininni um Northern Lights Theatre | 24

**Döffblaðið - Tímarit Félags
heyrnarlausra**
1. tölublað | 14. árgangur | Júní 2013

Ábyrgðarmaður:
Heiðís Dögg Eiríksdóttir

Ritstjóri:
Gunnar Snær Jónsson og Karenina
Kristín Chiodo

Prófarkalestur:
Þorbjörg Halldórsdóttir

Auglýsingastjóri:
Þröstur Friðbjólfsson

Umbrot:
Gunnar Snær Jónsson

Hönnun á forsíðu:
Gunnar Snær Jónsson

Ljósmynd á forsíðu:
Elsa Guðbjörg Björnsdóttir

Prentun:
Litróf

Ljósmyndir:
Adam Skrzyszewski, Karenina
Kristín Chiodo, Elsa Guðbjörg
Björnsdóttir, Vilhjálmur Vilhjálmsson
og aðrar aðsendar myndir

Stjórn Félags heyrnarlausra:
Heiðís Dögg Eiríksdóttir formaður,
Guðmundur Ingason varaformaður,
Bernharð Guðmundsson,
Hjördís Anna Haraldsdóttir og
Kolbrún Völkudóttir meðstjórnendur

Fjármálastjóri:
Daði Hreinsson

Upplag: 1200 eintök

ISSN: 1670-6013



Útgefandi:
Félag heyrnarlausra
Grensásvegi 50
108 Reykjavík.

Sími / Fax:
561 3560 / 561 3567

Netfang: deaf@deaf.is

Veffang: www.deaf.is

PISTILL FORMANNS

Eftir Heiðdís Dögg Eiríksdóttur



Það er mín ánægja að rita þennan pistil í Döffblaðið fyrir hönd stjórnar Félags heyrnarlausra. Á þessari stundu sem ég skrifa hann er stutt í að félagið flytji í nýtt húsnæði, eftir þrotlausu vinnu góðra félaga hefur félagið fengið tækifæri til að festa rætur og eiga góðar stundir saman. Mig langar aðeins að kafa í menningararfinn, hann verður seint ofmetinn í þjóðfélaginu. Þróunin í samfélaginu undanfarið hefur verið gríðarleg og ör. Nú er það almennt viðurkennt að menningarmál séu ekki aðeins til skrauts, heldur mikilvægur og virkur hluti af samfélaginu og þá ekki síst hjá samfélagi heyrnarlausra og táknaðsins. Menningin er ekki eingöngu fyrir fólk sem vill njóta eða taka þátt í henni heldur er hún mikilvægt til að nærna sálarlífið, sem vegur þungt í andlegum- og félagslegum þroska

þeirra sem reiða sig á táknaðið. Ekki má gleyma því að öflugt menningarlíf blómstrar ekki fyrir tilstilli laga, fjárveitinga eða samninga. Það byggir að mestu á frjóum hugmyndum og sköpunargleði manna og hópa sem hafa kraft og löngun til að koma hlutunum í verk. Hér á Íslandi eigum við dásamlegt og hæfileikaríkt fólk á sviði söng- og leiklistar, ekki er sjálfgefið að njóta þess á táknaði. Því er mikilvægt að þjóðfélagið styðji við og efla það í samfélagi þeirra sem reiða sig á táknað. Nú í júní hefjast Draumar 2013, viðburður sem gefur fólki tækifæri að njóta leiklistar og stutt-kvikmynda. Ég hvet ykkur að njóta tækifærið til að nærna sálina með því sem okkur býðst á viðburðum Drauma 2013.

PISTILL FJÁRMÁLASTJÓRA

Eftir Daða Hreinsson



Í uppbyggingarstarfi FH sem hefur staðið yfir síðan byrjun árs 2008 þegar ég kom til starfa sem framkvæmdastjóri hefur fjárhagur félagsins batnað um rúmlega 100 milljónir króna. Félag heyrnarlausra er afskaplega vel rekið félag, með vel upplýsta, áhugasama og

heiðarlega stjórn sem hefur stutt allar breytingar í rekstri félagsins sem hefur orðið til hins betra. Núna á vормánuðum 2013 ákvað stjórn og félagsmenn FH á félagsmannafundi að kaupa húsnæðið að Þverholti 14 í miðbæ Reykjavíkur. Þessi aðstaða verður stórglæsileg, húsnæðið og staðsetningin frábær og allt til staðar til að reka aðstöðu fyrir félagsmenn, bæði í daglegum rekstri og einnig eru salarkynni fyrir félagsmenn góð. Eins mega félagsmenn vera stoltir yfir því að geta eignast félagsheimili og aðstöðu sem er staðgreidd og húsnæðið því algjörlega skuldlaust og að fullu í eigu félagsmanna. Ég sagði einhvern tímann á fundi að döff ættu rétt á að vinna aftur til baka skuldlaust félagsheimili sem þeir áttu á Klapparstíg 28 en það húsnæði og eignir sem félagsmennirnir áttu tapadist á ótrúlegan hátt með röngum ákvörðunum stjórnenda þess tíma. Nú geta félagsmenn glaðst og ég gleðst mjög með þeim að eiga þetta

frábæra húsnæði, flott félag sem býður upp á mjög víðtæka þjónustu fyrir félagsmenn með þeim réttindum og áfangasigrum sem döff hafa náð á síðustu árum. Þó fáeinir döff séu óánægðir með þróun FH á síðustu árum má segja að sá tími hafi verið eitt gjöfulasta skeið þessara samtaka frá upphafi og fyrirmynd margra samtaka í svipuðu umhverfi, hérlandis sem erlendis. Hvert og eitt getið litið stolt á félag ykkar og þá aðstöðu sem það hefur byggt upp þrátt fyrir erfiða efnahagsstíma á Íslandi þá. Takið þátt í að styðja og hvetja þá frábæru stjórn og starfsfólk sem er að baki þessari uppbyggingu. Nú er mikilvægt að tryggja rekstrarumhverfi félagsins á næstu árum til að fasteignin og félagið geti tryggt framtíð sína í fjárhag og þjónustu og tel ég mikilvægt að sami hópur stjórnar og starfsfólks vinni saman að eflingu og sjálfstæði félagsins á næstu árum.

HÚSNÆÐI Í ÞVERHOLTI

sem félagið eignast loksins eftir margra ára bið

Þverholti 14: Byggingin að framan, félagsheimili Félags heyrnarlausra verður á þriðju hæð.



Ljósmyndir: Vilhjálmur Vilhjálmsson og Karenina Kristín Chiodo



Félag heyrnarlausra hefur verið að leigja atvinnunæði í mörg ár og félagið flutti frá Klapparastigi til Laugarvegs, síðan á Suðurlandsbraut og loks á Grensásveg. En Félagið hefur í langan tíma lagt áherslu á að vinna hörðum höndum til að ná því markmiði að fjárfesta í húsnæði eftir ósk félagsmanna. Stjórn Félags heyrnarlausra leitaði að nýju húsnæði fyrir starfsmenn, félagsmenn og fólk í samfélaginu. Hún fann loksins húsnæði í Þverholti 14 og leyfði félagsmönnum að skoða staðinn þann 14. mars. Húsnæðið er samtals 529 fermetrar að stærð á þriðju hæð og því fylgir 11 bílastæði þar sem 5 eru bak við húsið og 6 í kjallaranum. Hæðin mun skiptast í skrifstofur og tvo sali. Eftir að stjórn Félags heyrnarlausra bauð félagsmönnum í kynningu á nýja húsnæðinu, var það tekið upp á fundi hvort félagsmenn væru samþykktir kaupum þess. Það fór svo að allir samþykktu fyrir utan einn sem var hlutlaus. Þannig var gengið frá kaupunum þann 19. mars 2013 og meðstjórnendur og formaður Félags heyrnarlausra skrifuðu undir kaupssamninginn formlega þann 23. mars og fögnuðu með starfsmönnum þetta kvöld.

Í húsnæðinu þarf að laga og rífa niður vegg til að mynda betra næði og herbergi á hverju skrifstofu fyrir starfsmenn, fundaherbergi og salinn. Félagsmenn urðu glaðir með kaupssamninginn og buðu fram aðstoð sem sjálfsboðaliðar að rífa vegg niður, skipta um gólfefni og margt fleira. Stjórnin telur húsnæðið vera rétti staðurinn fyrir félagið þar sem Félag heyrnarlausra átti einu sinni atvinnuhúsnæði í miðbænum, flutti svo út á leigumarkaðinn, en á nú aftur húsnæði í miðbænum þar sem gatan, Þverholt, er nálægt Hlemmi. Stjórn Félags heyrnarlausra vill óska félagsmönnum til hamingju með stóra ákvörðun við kaupin og fagnar nýja húsnæðinu. Líklegt er talið að félagið muni flytja þangað sumarið 2013.



Allt rífið niður í Þverholti með aðstoð félagsmanna



Kolbrún Völkudóttir og Benedikt Guðmundsson meðstjórnendur ásamt Heiðdís D. Eiríksdóttur formanni skrifuðu undir kaupssamninginn vegna húsnæðisins í Þverholti.



ALÞJÓÐLEGT TÁKNMÁL

Stöðugrein frá heimasíðu Evrópuráðs heyrnarlausra (EUD)

Táknmál eru náttúruleg tungumál sem hafa sömu mál-vísindalegu lögmál og yrt tungumál. Þau hafa þróast á mörgum árum í mismunandi döffsamfélögum í Evrópu og um allan heim. Þrátt fyrir að það sé skoðun margra, er ekki til eitt sameiginlegt táknmál fyrir heiminn eða jafnvel Evrópu. Eins og yrt mál er táknmál mjög mismunandi milli landa og þjóðabrota. Í sumum löndum eru fleiri en eitt táknmál eða mállýskur. Lönd sem hafa sama yrta tungumál þurfa ekki endilega að vera með sama táknmál (til dæmis Þýskaland og Austurríki).

Á síðustu árum hefur heyrnarlaust fólk ferðast mikið, tekið þátt í alþjóðlegum viðburðum og þetta eykur þörfina fyrir eitt alþjóðlegt samskiptamál, eins og enskan er í dag. Sagt er frá því að heyrnarlaust fólk noti „alþjóðlegt táknmál“ árið 1924 á Alþjóðaleikum heyrnarlausra (nú þekktir sem Döffleikarnir) í París. Á 8. áratug síðustu aldar var *Gestuno* búið til af Alþjóðasamtökum heyrnarlausra (WFD). Samtökin ákváðu að taka upp nokkurn fjölda tákna til að reyna að búa til táknakerfi til að liðka fyrir samskiptum á þingum samtakanna sem haldin voru fjórða hvert ár. Þótt listinn yfir tákni væri ekki almennt viðurkenndur var hugmyndin um alþjóðlegt táknáskerfi áfram í þróun.

Nú er Alþjóðlegt táknmál (IS) stundum kallað hjálparmál þar sem semja þarf um merkingu meðal notenda. Þeir sem nota IS eru sagðir nota táknakerfi úr eigin táknmáli ásamt augljósum táknum sem flestir geta skilið. Þar að auki eru notaðar málfræðireglur sem eru taldar sameiginlegar táknmáli Vesturlandabúa. Það geta verið töluorð, hermíleikur og almenn tákni sem ekki eru gerð með höndunum, meðal annarra. Því hefur verið sagt að IS sé meira tungumál en samskiptamál.


IS er nú notað víða á alþjóðlegum fundum þar sem þátttakendur deila ekki einu sameiginlegu táknmáli. Þótt áhrif bandaríska táknáskerfisins (ASL) séu mikil reyna reyndir IS táknáskerfisnotendur að vera eins óháðir einu sérstöku

landstáknmáli og mögulegt er til að tryggja að fjölmennur hópur með mismunandi bakgrunn geti skilið það sem verið er að tákna eins vel og mögulegt er.

Reynslan hefur sýnt að erfitt er að kenna nokkrum IS sem ekki kann a.m.k. eitt eða fleiri þjóðleg táknmál. Að þekkja til nokkurra táknmála og mismunandi táknunaraðferða er yfirleitt betri grunnur til að verða góður í IS en að fara á námskeið í IS einu sér. Evrópuráð heyrnarlausra (EUD) viðurkennir að enginn staðall er til fyrir IS túlkendur og ekki er tryggt að IS túlkur geti túlkað við allar aðstæður eða fyrir alla IS notendur. Þar að auki styður EUD það viðhorf að IS túlkendur verði að verða atvinnu táknáskerfistúlkendur í heimalandi sínu áður en þeir færa sig yfir í IS og hvetur til þess að notaðir verði döff túlkendur sérstaklega þegar verið er að túlka á milli tveggja eða fleiri táknmála.

Því styður EUD viðurkenningu á þjóðlegum táknmálum í öllum ríkjum Evrópusambandsins auk túlkunar á og af þjóðlegum táknmálum, ásamt kennslu í þjóðlegum táknmálum. Í tungumálastefnu Evrópusambandsins kemur fram að „notkun á mismunandi tungumálum sem borgarar tala er eitt af því sem tryggir aukið gegnsæi, lögmæti og skilvirkni.“ Í samræmi við þessa stefnu styður EUD aðgengi á tungumáli hvers og eins (þ.e. þjóðlegu táknmáli fyrir alla döff borgara). Að bjóða upp á túlkun á eins mörgum þjóðlegum táknmálum og hægt er væri besta lausnin en vegna fjárhagslegra og faglegra takmarkana er það ekki ávallt gerlegt. Hins vegar ætti alltaf að leitast við að tryggja aðgang að þjóðlegu táknmáli (fyrir fundargesti frá einu táknáskerfis-samfélagi með sameiginlegt táknmál eða einn heyrnarlausan mann) og er eina leiðin til að veita fullt og jafnt aðgengi. Því er IS – þótt það sé ekki fullkomin lausn – góður valkostur þegar unnið er með fjölþjóðlegum hópi fólks.

Þessi stöðugrein hefur verið unnin í samvinnu við Miðstöð evrópskra táknáskerfistúlka (EFSLI).



Ljósmynd: Karenina Chicodo

NÝR STARFSMAÐUR Í FÉLAGI HEYRNARLAUSRA

Kristinn Arnar Diego félagsráðgjafi verður til viðtals hjá Félagi heyrnarlausra þriðjudega kl 11-13 og fimmtudaga kl 16-18. Félagsmenn geta óskað eftir viðtali með tölvu-pósti kad@deaf.is.

Félagsráðgjafi veitir ráðgjöf í félagslegum og persónulegum málum einstaklinga. Hann kynnir sér aðstæður og þarfir skjólstæðings og beitir faglegri þekkingu til þess að veita honum stuðning og meðferð. Félagssráðgjafi fæst einnig við mótun og nýsköpun félagslegra úrræða. Heildarsýnin er sú aðferðafræði sem einkennir vinnubrögð félagsráðgjafans og leggur þannig grunn að samskiptum hans við stofnanir og einstaklinga sem tengjast málum skjólstæðingsins.

MYNDIR ÚR GAMAN SAMAN

Gaman saman er námskeið sem Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskerta fór af stað með haustið 2012 fyrir börn á grunnskólaaldri. Námskeiðið er fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börnum frá nokkrum grunnskólum, sem koma í Samskiptamiðstöðina einu sinni í viku til að viðhalda tákmalinu með hvatningu starfsfólks.

Töframaðurinn kom í heimsókn og var með töfrasýningu fyrir krakkana.



Töframaðurinn sýndi krökkunum blöðruföndur á sýningunni í Samskiptamiðstöð.

Sigríður Vala spurði strákin um ættartréið þar sem hann setti myndir af ættingjum sínum.



Starfsfólk útskýrði fyrir stráknum hvernig hann átti að spila spilið.



Svava leiðbeindi krökkunum með tákmalísörvunarspilið.



KÆRA ÍSLAND

Eftir Sigríði Völu Jóhannsdóttur

„Tilfinningarík og hugrökk ung kona deilir upplifun sinnu af ársdvöl á Íslandi.”

Ljósmynd: Rachel Marie Ann Blake



Kæri lesandi

30. maí 2012

Það var í júní 1987 sem ég kom fyrst til Íslands. Við flugum með Flugleiðum. 26 árum og mörgum ferðum yfir hafið seinna, er ég enn aftur á leið til Íslands. Í þetta skiptið flýg ég ekki frá Baltimore í Maryland eins og gert var áður, en áætlunarflug frá Íslandi þangað var lagt niður 2006. Núna flýgur Icelandair til Dulles flugvallar í Virginíu, en flughöfnin er heimsfræg fyrir einstakan arkitektúr (Eero Saarinen). Hún þykir nokkuð merkileg.

Mér er hugsað til mömmu, ég er svo ánægð fyrir hennar hönd, en aðal

ástæðan fyrir því að ég er að fara til Íslands er að hún er að útskrifast með Meistaragráðu í Stjórnun heilbrigðisþjónustu frá Háskólanum á Bifröst. Ég er líka spennt yfir því að vera að komin á stað í lífi mínu sem er alltaf traustur. Stað sem hefur alltaf verið þarna fyrir mig, en að er Ísland.

Síðustu þrjú árin í lífi mínu (eða kannski 26 ár) hafa verið viðburðarrík, en um leið eins og hvirfibilur. Strax að loknu B.A. námi flaug ég til Ítalíu, en ég hafði fengið Fullbright styrk. Í kjölfarið fékk ég vinnu sem kennari, í litlum bæ sem heitir Biella. Ég lifði hinu ljúfa ítalska lífi. Góð vín, ostar, ólífur og pizzur. En eftir tveggja ára

dvöl á Ítalíu var ég orðin eirðarlaus og mig langaði að prófa eitthvað nýtt.

Þegar ég var krakki hafði mig dreymt um að búa í Englandi. Mamma og móðursystir hennar höfðu báðar búið þar og höfðu í gegnum tíðina sagt mér skemmtilegar og huflljúfar sögur þaðan. Nú var komið að mér, ég ætlaði til England, ekkert gat stöðvað mig.

Jæja, það er verið að undirbúa lendingu flugvélarinnar, Ég veit ekki hversu lengi flugfreyjan hefur verið að reyna að fá mig til að hlusta á sig, þar til hún að lokum snerti óxlina á mér og benti mér á að ganga frá borðinu.

Meira seinna, *Sigga Vala*

Kæri lesandi

1. júní 2012

Mamma náði í mig út á Keflavíkurflugvöll og við fórum niður í Keflavík að heimsækja Sossu vinkonu hennar. Hún er þekktur listmálari. Þegar ég var lítil stelpa varð ég fyrir sterkum áhrifum af verkum hennar. Myndirnar eru svo litríkar, en hún malar figúrur og það er mikill glettni í málverkunum hennar. Maður sér svona fólk eingöngu í draumi.

Ég er að skoða verkaskrána hennar þegar maðurinn hennar segir við mig, “Sossa malar fólk með gul andlit. Fólk er ekki með gul andlit. Ég hef aldrei sagt Sossu frá þessu.”

Skýjafarið í Engandi er ógleymanlegt og fallegt, meðan hann hangir

þurr! Þeir tala um mismunandi nöfn á skýjunum, cirrus, altostratus, cumulus. Himinninn hér á Íslandi er óviðjafnanlegur, sem hefur væntanlega eitthvað með loftgæðin að gera, allavega með þessa norðlægu birtu og sólskinið.

Við sátum í góðu veðri úti í garðinum hennar og ég fékk mér bjór, hélt áfram þar sem flugfreyjan hjá Icelandair hafði stöðvað mig áður.

Í Englandi flutti ég inn í flotta íbúð í St Albans og fékk vinnu á Old Street inn í Lundúnum. Á Fortune Park, skammt frá vinnustað mínum fann ég gott kaffihús. Ég nýt less að drekka kaffi og hvert sem ég fer finn ég stað þar sem búin er til sterkur bolli af espresso sem borinn er fram með brosi á vör. Ég lærði BSL, breskt táknmál og

byrjaði að nota ensk orð eins og “fabulous” í staðin fyrir að segja “great” eins og í Bandaríkjunum.

Áður en ég vissi af, var heilt ár liðið. Í raun hafði mjög margt gerst á þessum tíma, en ég man lítið hvað gerðist síðustu vikurnar mínar þar. Hinn órólegi hugur minn er búin að skemmta sér svo vel, en er mér að óvörum að biðja um pásu núna!

Starfssamningurinn var útrunninn og ég þurfti að ákveða hvort ég vildi endurnýja hann eða ekki. Eina nóttina dreymdi mig eitthvað sem var svo traustvekjandi og næsta morgun var ég að hugsa um það. Ég veit hvert ég fer eftir einhverju traustvekjandi!

Glasið var tómt. Kominn tími til að fara til Reykjavíkur.

Sigga Vala

2. júní 2012

Við mamma erum að aka á þjóðvegnum að Bifröst. Augu hennar eru full af stolti. Ég er líka stolt af henni. Veðrið

er fint og okkur finnst við finar í sumar-kjólunum okkar.

Fyrr um daginn hafði ég verið í sambandi við vin minn sem vildi endi-

lega að ég hitti hann og við fengjum okkur bjór saman. Hann sagði mér að hitta sig á Grensásvegi 5.

Sigga Vala

4. júní 2012

Ég ók upp og niður Grensásveginn og leitaði að húsi númer 5. Það bar engan árangur og ég sendi vini mínum Gunnari skilaboð og segi, "Ég finn ekki húsið. Ég finn þig ekki!"

"Úps," segir hann, "Ég ætlaði að segja Grensásvegur 50."

Þegar ég ók upp að húsinu, sá ég strax lógóið frá FH. Hönd með tvo fingur upp að eyranu, á andliti í prófil. Félag heyrnarlausra. Enn einn hluturinn sem er traustur í lífi míni. Í hvert skiptið sem ég hef heimsótt Ísland hefur FH verið til staðar fyrir mig.

Þetta kvöld var bjórkvöld hjá FH og allt var fullt af fólki. Ég hafði ekki búist við því að sjá svona marga heyrnarlausra þetta kvöld og var yfir mig hrifin af öllu fólkinu sem kom og heilsaði mér og bauð mig velkomna. Ég fann fyrir mikilli velvild.

Virðingarfyllst Sigga Vala

27. ágúst 2012

Nema hvað, lífið er svo óútreiknanlegt. Ég átti ekki von á að dvelja lengi á Íslandi, en allt í einu var ég komin með vinnu hjá Félagi Heyrnarlausra!

Ég komst fljótlega að því hvað vinnufélagar mínir eru góðir, vinnugarnlegir og "fabulous" eins og þeir segja í Englandi.

Pröstur er svo fyndinn. Var ég búin að segja ykkur að hann spilar keilu? Hann er mjög talnaglökkur og notar samlíkingar úr keilunni í öllu sem hann tekur sér fyrir hendur. Hann gengur úr skugga um að hann fái bestu útkomuna, bestu töluna, besta dilinn. Hann er grínistinn sem klæðir sig smart, en persónuleiki hans er þannig að ég sé hann alltaf fyrir mér í keiluskyrtunni og skónum!

Karenina. Hjálpar mér alltaf þegar ég er föst í einhverju, einhversstaðar. Hún hjálpar mér að hlæja að sjálfri mér í sjálfsheldunni! og ég veit hvernig ég get endurgoldið henni, með samloku frá Subway!

Laila. Með svo ljúfan persónuleika, eiginlega móðir FH og allra heyrnarlausra á Íslandi, að sjálfri mér meðtaldri. Hún gerir daginn hjá mér svo miklu bjartari með brosinu sínu og þessum djúpbláu augum. Hún er algjör náðargjöf og okkur öllum þykir svo vænt um hana.

Heiðdís. Orkubolti. Hún vinnur eins og hún hafi 6 handleggi og 2 höfuð. Það er með ólíkindum að hún sé enn svona glöð og með húmorinn í lagi. Hvert er leyndarmálið hennar, hvernig getur hún þetta? Líklega er það elskulegi eiginmaðurinn og börnin þrjú.

Daði. Capo di tutti, Guðfaðirinn. Svartklæddi maðurinn sem ber mestu ábyrgðina. Hann er stundum í felum dögum saman, fer á staði og borgar skuldir og gengur úr skugga um að allir hafi borgað okkur. Svo allt í einu er hann mættur, í svarta jakkanum. Alveg eins og hjá mafíunni. Nei, nei, ég veit að hann er finn.

Juanita. The medicine woman. Hún starfar ekki hjá FH, en er hluti af mínu lífi þar. Kemur á Fimmtudögum og býður heyrnarlausum reiki. Viðskiptavinum hennar finnst gaman að tala við hana og hún getur oft fundið út hvað er að angra fólk, oft eitthvað sem þeim hefur yfirsést. Hún lítur út eins og Indíanakona, með hrafnsvarit hár og því kalla ég hana Juanitu frekar en Karen.

Ástarkveðja Sigga Vala

17. desember 2012

Það er ískaldur og dimmur morgun á Íslandi, ég sötra heitt kaffi. Ég hef búið eins og vampíra. Dagur og nótt renna í eitt og í mesta skammdeginu er borgin lýst upp af jólaljósum. Jafnvel grafirnar í kirkjugörðunum eru upplýstar. Stundum er ég heppin og Norðurljósin dansa á himinhvelfingunni, þaðandi borgina með undralitum.

Það er mikið af vatni á Íslandi, sem skapar mikil lífsgæði. Vatn er stór hluti af lífi mínu á Íslandi. Íbúðin mín er svo hlý og kósý, sérstaklega samanborið við íbúðina mína í Englandi. Það er mjög dýr að hita húsnæði í Englandi. Þeir nota rafmagn til þess. Jafnvel með ofnin á fullu var íbúðin aldrei heit og þrátt fyrir að maður væri í mörgum peysum og sokkum. Hér á Íslandi labba ég um berfætt á heitu gólfinu sem er hitað upp af góða heita íslenska vatninu. Í Englandi gat maður aldrei farið í gott heitt bað! Heita vatnið var alltaf búið áður en baðkarið var fullt. Hér gerist það aldrei, alltaf nóg af heitu vatni.

Ég sé vatn allsstaðar. Tjörnin, sjórinn, rigningin eða sundlaugarnar.

Ég er orðin miklu styrkari en áður. Sund hefur alltaf veitt mér mikla ánægju, en var ekki partur af lífi mínu eins og hér á Íslandi. Hvergi í heiminum er það "bara venjulegt" að fara í heitan pott eða

gufubað eftir að hafa synt 2000 metra. Bara þetta eitt gerir það að verkum að ég gæti hugsað mér að búa á Íslandi allt mitt líf! Ég las einhversstaðar að endurskíra ætti Ísland sem æðieyju og ég var alveg sammála.

Auðvitað eru ekki allir dagar fullkomnir. Þrátt fyrir að hafa þekkt Ísland allt mitt líf, þá er ég að kynna Íslandi alveg upp á nýtt núna. Stundum þegar gamla tilfinningin, eirðarleysið gerir vart við sig, skrepp ég í sund eða fer á kaffihús. Kannski fer ég í heimsókn til frændfólks míns eða geng niður í fjöru. Kannski fer ég til Hólmavíkur, einum af uppáhaldsstöðum mínum í heiminum eða ég fer út að ganga og skoða Norðurljósin. Í fyrsta skiptið í lífi mínu hefur eirðarleysið orðið að láta undan.

Á fimmtudaginn var hitti ég Juanitu hjá FH og eftir að hafa verið í meðferð hjá henni, sagði hún við mig, "Þú ert á réttum stað, hér á Íslandi."

"Ég veit það," svaraði ég.

Ástarkveðja til Íslands Sigga Vala



Sigga nýtur sín á uppáhaldskaffihúsinu sínu, C is for Cookie, í miðbænum.

UNNUR Í ELDHÚSINU

Hún vinnur sem kokkanemi hjá Grand Hótel og er í vinnubúningi að búa til sushi fyrir hlaðboð fyrir viðskiptavinum sína.



STÚLKAN SEM GEFSTEKKIUPP

Ljósmynd: Unnur Pétursdóttir

KOKKANEMI SEM SETUR FULLAN KRAFT Í AÐ VERÐA KOKKUR

Eftir Gunnar Snæ Jónsson

Það var skínandi sól á Laugavegi þar sem ég lagði bílnum mínum nálægt íbúð sem Unnur býr í ásamt kærastanum sínum, Sigurði. Hún hleypti mér hlýlega inn í íbúðina og hún var hönnuð á gamaldags hátt með háa loft sem minnti mig á miðbænum. Hún sat á brúnum skemli í stofunni og leyfði mér að taka viðtal við sig um námið sitt. Hún heitir Unnur Pétursdóttir fullu nafni og verður tvítug að aldri í nóvember þetta ár. Hún á tvær eldri systur og bjó hjá foreldrun sínum en flutti út til kærastans síns á Laugavegi þar sem þau búa saman í dag. Þau eiga tvo hunda saman, annars vegar Rottweiler og hins vegar blandaðan hund af íslenskum fjárhundi og Border Collie. Hún hefur unnið rúmlega 2 og hálf ár hjá Hótel Grand sem kokkanemi. Hún

og skipa þeim að klára verkefni þegar stuttur tími er til stefnu. Þeir þurfa jafnvel að vinna frá 12 til 15 klukkustunda vakt á dag og það er alltaf mikið að gera og heitt í eldhúsinu svo að hún verður oft þreytt og stressuð. „Þar sem ég er heyrnarlaus fann ég fyrst fyrir svolitlu óöryggi og langaði bara að gefast upp, en ég ákváð að gefast ekki upp og gefa þessu tækifæri.“ Með tíma varð þetta betra og betra hjá henni þar sem hún hefur þegar unnið í meira en 2 ár og byrjuð að aðlagast vinnuástandinu. Hún segist aldrei gleyma fyrsta deginum. Þegar hún kom heim var hún ofur þreytt á fótunum því hún stóð allan daginn að vinna og ganga milli hæða. En það jákvæða við það var að fólk leyfði henni að vinna hjá Hótel Grand og gerði allt til þess að hún gæti að-

hún og nemendur þurftu að þrifa afar vel. Það kom mér reyndar á óvart þegar hún sagði að kokkar þrifu aldrei í eldhúsinu og spurði hana hvort hún þyrfti ekki heldur að gera það þegar hún yrði kokkur. Hún svarar heiðarlega, að þegar hún verði kokkur, ætli hún ekki að þrifa allt í eldhúsinu eins og nemendur þurfa að gera daglega og bætir við, „Nemendur sem ég vinn með segja að þegar þeir útskrifist úr náminu, ætla þeir að öskra upphátt af gleði yfir að þurfa ekki að þrifa eldhúsið lengur,” segir hún hlæjandi.

Ég velti því fyrir mér hvernig samskiptin eru í vinnunni því hún er heyrnarlaus. Vinnunni er skipt í tvær vaktir og hún hafði unnið lengi með fyrstu vaktinni þegar nemendur byrjuðu að geta haft venjuleg samskipti við hana á táknmáli. En í fyrstu skiptin þurftu þau alltaf að nota svipbragð með bendingu eða skrifa á blað þegar samskiptin voru ekki skýr. Svo þróaðist þetta með tímanum. Þeir gátu loksins byrjað að tala táknmál, en svo færði yfirmaðurinn hana yfir á aðra vakt svo að hún þurfti að byrja aftur að nýju með nýju fólki. En henni finnst samskiptin hafa gengið vel. „Þegar hindrun kemur upp á, þá horfi ég á bjartsýn á lausn og finn blað til að skrifa”, segir hún. En á fyrsta degi í vinnunni tók hún túlk með sér til kynningar og þegar hana langaði að spyrja um eitthvað flókið eða biðja kennara um að kenna henni eitthvað nýtt, þá pantaði hún túlk. Hún nefndi að hún hefði pantað svona 3 sinnum og allt hefði gengið vel. Þannig byrjaði ég að velta fyrir mig hvort hún ynni mikið og hvort hún upplifði eitthvað nýtt á hverjum degi, „Mér finnst ég hafa unnið rosalega mikið þar sem ég hef oft þurft að bæta við mig aukavakt vegna skorts á starfsfólki, en ég læri alltaf eitthvað nýtt með tímanum,” segir hún. Hún vísar í dæmi þegar fyrirtækið opnaði nýjan veitingastað þá breyttist matseðillinn alveg og hún þurfti að læra nýju uppskriftirnar. Hamborgarar og kjúklingar höfðu lengi verið elduð eftir sömu uppskriftum þar til ný veitingastaðurinn opnaðist, þá breyttu þau uppskriftunum fyrir hamborgara og kjúklinga. Þetta verður alltaf betra og betra, bætir hún við.

FRAMHALD Á BLADS 12

„ÉG FÆ LÖNGUN TIL AÐ ELDA EITTHVAÐ EINS OG ÉG SÉ MEÐ ADRENALÍN Í ÆÐUM”

er í námi í Menntaskólanum í Kópavogi sem býður upp á hótél- og matvælanám. Þegar ég spurði hana hvers vegna hún valdi þetta nám þá sagði hún að ástæðan var líklega sú að foreldrar hennar voru mjög duglegir að elda mat þar sem faðir hennar vann í matreiðslu á sjónum á sínum tíma og þau elduðu einnig aldrei sama matinn, heldur fjölbreytilegan mat daglega. Þetta gerði hana forvitna um matreiðslu. Hún bætti við, „Ég held að ég sé matarfikill því ég elska mat og bragð svo mikið að mig langar bara helst að elda stanslaust og baka að sjálfsgöðu. Af öllu elska ég mat mest,” segir hún hlæjandi.

Hún tók almenna braut matvælagreina á fyrsta ári og eftir árið komust nemendur á samning í þeirri grein sem þeir óskuðu. Þar fékk hún samning með kokki á eldhúsinu á Hótel Grand. Hún segir að upplifunin á vinnustað hafi verið mikil. „Á fyrsta degi þegar ég kom inn í eldhúsið hjá Hótel Grand kom það mér ofsalega á óvart þar sem ég bjóst ekki við að vinnan myndi vera erfíð,” sagði hún. Nemendur fá mikið álag á vinnustaðnum þar sem yfirmaðurinn þarf oft að öskra á nemendur

lagast og leystu vandamál þegar þau komu upp á. „Það var eins og þau brytu hverja hindrun niður fyrir mig svo ég gæti fengið tækifæri og þetta er mjög virðingarvert,” segir hún broasndi. Þó vinnustaðurinn sé erfíður, passar hann vel við námið sem hún er í, bætir hún við.

Það sem ég vildi vita var hvort hún fengi einhverju að ráða um það hvað hún eldaði eða ekki. Hún benti á að á vinnustaðnum er blað með reglum og skipulagi á veggnum sem nemendur þurftu að fylgjast með daglega. Þar eru upplýsingar um fundi, ráðstefnur, hóp eða fólk sem kemur á veitingastaðinn og sjálfsgöðu starfsfólk sem hún þarf að elda fyrir. „Þegar það er lítið að gera í vinnunni, þá elda ég mat eftir eigin höfði til prufu en annars verð ég að fylgjast með áætlun dagsins reglulega.” Oftast þarf hún að elda mat sem viðskiptavinir vilja fá af matseðli Hótel Grand, en stundum leyfa þeir nemendum að ráða. Svo þurfa nemendur alltaf að þrifa eldhúsið því kokkar þrifa aldrei nema borð sem þeir nota til að elda. Hún segir að í eldhúsinu séu mjög strangar reglur varðandi þrif þar sem

Hún hefur gert sína eigin heimasíðu, Gott og sætt, með uppskriftum eftir höfði hennar. Þegar ég bið hana að segja mér frá heimasíðunni, þá hlær hún, því hún segist ekki geta útskýrt í augnablikinu hvers vegna hún stofnaði heimasíðu. Hana langaði alltaf að prófa eitthvað nýtt og búa til uppskriftir eftir eigin höfði og á nafni hennar. „Í hvert skipti sem ég elda mat eftir nýrri hugmynd, tek ég mynd og sýni mömmu minni, en svo fattaði ég að kokkar eiga eigin heimasíðu með uppskriftum þeirra og ég fékk þá hugmynd að stofna eigin heimasíðu, Gott og sætt, fyrir mig. Með tíma hef ég sett nýjar uppskriftir og myndir inn á heimasíðuna og á henni eru uppskriftir að öllu eins og mat, bakstri og drykk. Þegar ég er í fríi, fæ ég alltaf löngun til að elda eitthvað eins og ég sé með adrenalin í æðum,” segir hún hlējandi. Að lokum spyr ég hana hvort hún sé tilbúin að deila einni af uppskriftunum hennar á Döffblaðinu og hún bauð mér að velja, en ég vildi helst að hún veldi sjálf. Hún tók sér smá tíma til að skoða síðuna og velja eina. Loksins valdi hún kjúklingabollar með rósmarínsósu.

Þegar ég spurði hana síðustu spurninguna um hvort hún gæti séð fyrir sér framtíð sína eftir námslok, þá sagðist hún ekki hafa gert það enn. En hún nefndi að sig hefði oft langað að klára stúdentspróf svo hún gæti farið í háskóla hvenær sem hún vildi eða unnið á öðrum stöðum. „Maður veit aldrei hvað gerist í framtíðinni, en nú stefni ég á að klára námið svo ég geti orðið kokkur. En auðvitað hefur mig oft dreymt um að stofna eigið veitingahús. Það kemur vissulega í ljós hvað gerist,” segir hún brosandí. Eftir viðtalið kom hundurinn hennar niður til að kíkja hvað var að gerast og bað mig um að klappa sér. Unnur stefnir á að útskrifast um júl 2014 frá Menntaskólanum í Kópavogi.

Hægt er að nálgast heimasíðu hennar á

www.gottogsætt.wordpress.com



KJÚKLINGABOLLUR MEÐ RÓSMARÍNSÓSU AÐ HÆTTI UNNAR



Ljósmynd: Unnur Pétursdóttir

(Soufflefars)

275g kjúklingabringur

1 stk eggjahvíta

150 ml rjómi

50 ml vermouthe

Salt og pipar

Egg til að velta bollunum upp úr áður en þær eru steiktar

Brauðrasp, hveiti og paprikuduft

Aðferð:

Kjúklingabringurnar eru maukaðar í matvinnsluvél ásamt salti og eggjahvítu, kælt vel. Ef vill er maukið tekið í gegnum sigti og 2/3 hlutar rjómans hrærðir værlaga saman við með sleif, víninu bætt út í og þéttleiki farsins metinn. Gott er að sjóða litlar bollur í saltvatni og athuga farsíð. Ef þurfa þykir er farsíð saltað meira eða restinni af rjómanum bætt út í. Einnig má mauka bringurnar vel í matvinnsluvélinni ásamt rjóma og víni, en það verður mýkra ef það er tekið í gegn um sigti.

Hrærið saman eggin í eina skál ásamt paprikudufti, salti og pipar. Í aðra skál skal setja hveiti og í þá þriðju brauðrasp.

Veltið kjúklingafarsinu upp úr hveitinu, þá upp úr eggjunum og svo brauðraspinu. Þá eru bollurnar steiktar upp úr olíu þar til báðar hliðar eru gullinbrúnar. Gott er að skera í bollar til að sjá hvort það sé hvítur litur á kjúklingnum sem þýðir að bollurnar eru fulleldaðar.

Rósmarínsósa:

2 rósmaríngrænar

1/4 laukur, saxaður

2,5 dl. vatn

Örlítið hvítvínredik

Kjúklingakraftur

Appelsínusafi

Maizena sósujafnari

Sjóðið rósmaríngrænar í vatni og ediki. Bætið lauknum út í og látið malla nokkrar mínútur. Bætið þá út í kjúklingakrafti og smá skvettu af hvítlauksolíu. Þykkið sósuna með maizena sósujafnara og kryddið með u.þ.b. 2 msk. af appelsínusafa.

STUTTAMYNDA- OG LEIKLISTARHÁTIÐ Á ÍSLANDI

Eftir Hjördísi Önnu Haraldsdóttur


Alþjóðleg Döff Leiklistar- og stuttmynda-hátíð heyrnarlausra „Draumar 2013“ verður haldin í Reykjavík 10.-16. Júní.

Hátíðin snýst fyrst og fremst um börn, unglunga og ævintýri enda er það aðalþema hátíðarinnar. Hér á Íslandi er lítið um framboð á listum á íslensku táknmáli. Draumasmiðjan er eini sjálfstæða leikhúsið sem hefur sett upp leikrit á sviði með íslenskt táknmál á Íslandi.

Nefnd sem kallar sig Draumar 2013 hefur undirbúið leiklistar- og stuttmynda-hátíð undanfarinn vetur og skemmtilegt er að taka það fram að stuttmyndir er í fyrsta sinn hluti af hátíðinni. Áður hefur Draumasmiðjan séð um leiklistarhátíð á árunum 2006 og 2009. En núna er í fyrsta sinn óháð nefnd sem var kosin í haust af áhugamönnum um Döff leiklist og félagsmönnum Félags heyrnarlausra sem skipuleggur hátíðina. Þeir sem sitja í nefndina eru Anna Lauga, Áslaug Ýr Hjartardóttir, Elsa G. Björnsdóttir, Gunnar Snær Jónsson, Hanna Kristín Jónsdóttir og Hjördís Anna Haraldsdóttir sem er formaður nefndinnar. Það er nýtt fyrir flesta nefndarmenn að undirbúa hátíðina og að mörgu

þurfti að hyggja kringum hátíðina. Fyrst og fremst þurfti að velja hvaða þema á að einkenna hátíðina. Fjögur leikrit verða sýnd og fjölmargar stuttmyndir. Einnig verður líka málþing um leikhús og táknmálstúlkun. Hátíðin fer fram í Tjarnabíó fyrir utan málþingið sem verður á öðrum stað.

Þemað „Börn, unglingar og ævintýri“ varð fyrir valinu. Ástæðan var fyrst og fremst að við vildum halda fjölskylduvæna hátíð þar sem fjölskyldur jafnt og ungir sem aldnir gætu notið menningarviðburða á táknmáli. Samhliða hátíðinni verður stór frumsýning á leikritinu Elements sem er hluti af samvinnuverkefni ríkja frá Norður Atlantshafi (Northern Lights Theatre) þar sem leikarar koma frá Kanada, Grænlandi, Íslandi og Noregi. Kjörrið tækifæri var að halda leiklistarhátíð þar sem mörg stór nöfn sem koma úr norrænum leiklistarheimi verða á Íslandi. Hvergi er hægt að halda upp á menningarviðburð nema að fólk komi saman bæði sem leikarar og áhorfendur og verði vitni að ævintýrum og töfrandi heimi sem skapast af Döff leiklist.



Logo hannað af Gunnari Snæ Jónssyni

▶ Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðunni hátíðarinnar
www.icelandfestival.wordpress.com
 og líka á Facebook
www.facebook.com/Dreams2013

VIÐ STYRKJUM FÉLAG HEYRNARLAUSRA

Kjarnavörur hf



SAMHERJI HF

kemi

deCODE  genetics



LANDSNET



icepharma

Bætt líðan · Betra líf

NÝR PRESTUR HEYRNARLAUSRA

Eftir Kareninu Kristínu Chiodo

Nýr prestur heyrnarlausra tók við embætti haustið 2012. Hún heitir Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir og var valin úr hópi 7 umsækjenda. Hún lauk guðfræðinámi árið 2005, viðbótardiplóma í kennslufræði 2010 og hlaut prestvígslu í maí 2011. Hún hóf störf sem prestur í Oppdal í Noregi í september 2010 og starfaði þar í tvö ár. Brynja Vigdís var fyrsta konan í röð 19 presta sem þjónað hafa í Oppdal.

Hvers vegna ákvað hún að læra guðfræði?

Brynja Vigdís var um 7 ára þegar hún sagðist vilja verða prestur. En enginn skildi af hverju hana langaði til þess. Þegar Brynja Vigdís lauk menntaskólánámi fannst henni að hún yrði að prófa að fara í guðfræðideild. Hún hafði sýnt þessu starfi áhuga síðan hún var barn og

tæp tvö ár í Noregi tók hún ákvörðun um að koma heim, þar sem maður hennar vann á Íslandi og fjölskyldan togaði í hana. Brynja Vigdís býr nú með fjölskyldu sinni í Njarðvík. Hún á eina 7 ára dóttur með manni sínum auk tveggja stjúpbarna.

Ætlunin var að fara að kenna þegar heim kæmi því að hún hefur einnig kennsluréttindi og var búin að fá kennarastöðu frá haustinu ef hún vildi. Hún hafði þegar sagt upp starfinu í Noregi þegar hún sá stöðu prests heyrnarlausra á Íslandi auglýsta. Hún hugsaði málið vandlega áður en hún sótti um stöðuna þar sem hún vissi að starfið væri ögrandi.

Brynja Vigdís ræddi við séra Miyako og við biskupstofu og fannst þetta sífellt meira spennandi. Henni finnst mun skemmtilegra að vera í

öðru. Hún hlakkar mikið til þegar hún hefur lært meira í táknmáli þar sem henni finnst hún ekki kunna neitt ennþá. Hún er í táknafræði við Háskóla Íslands og er búin með eina önn. Hún finnur að hún þarf að vera dugleg að heimsækja Félag heyrnarlausra, fara á Hrafnistu og fleira til að kynna samfélaginu. Brynja Vigdís hefur túlk með sér og hún viðurkennir fúslega að hún horfi heldur mikið á túlkinn og lætur hann aðstoða sig. Samt er mikilvægt að hafa túlkinn með ef samræður eru alvarlegar og fullur skilningur þarf að vera. Erfiðara er að hitta heyrnarlausra og geta ekki átt samskipti hindrunarlaust.

Við guðsþjónustu notar Brynja Vigdís túlk en reynir samt oft að bæta einhverju tákni inn í hverja messu. En þetta kemur smám saman enda er

„HÚN VONAR AÐ TÁKNMÁLIÐ KOMI SEM ALLRA FYRST SVO AÐ HÚN GETI SJÁLF RÆTT VIÐ SÓKNARBÖRNIN.“

hafði enn mikinn áhuga þegar hún lauk menntaskólanum. Hún hafði verið nokkuð dugleg að mæta í sunnudagaskólann og fannst það gaman. Í ljós kom að guðfræðin átti vel við Brynju Vigdís og stefnan tekin á starf innan kirkjunnar.

Brynja Vigdís sótti um starf í Noregi 2010 sem hún fékk þrátt fyrir að hafa ekki hlotið vígslu enn. Kerfið í Noregi er ólíkt því sem er á Íslandi en þar geta einstaklingar starfað sem prestar þótt þeir séu ekki vígðir, en þó aðeins í ákveðinn tíma. Hér á Íslandi er kerfið hins vegar þannig að til að fá að starfa sem prestur þarf viðkomandi að vera vígður og til að hljóta vígsluna þarf viðkomandi að vera kominn með starf. Erfitt getur verið að fá starf á Íslandi þar sem störfín eru fá og margir sækja um hverja stöðu.

Hvers vegna ákvað Brynja Vigdís að sækja um stöðu prests heyrnarlausra?

Þegar Brynja Vigdís var í Noregi fór hún í handleiðsluhóp í tengslum við vinnu sína þar. Sá aðilli sem stýrði hennar hóp var prestur heyrnarlausra. Þau töluðu oft saman um störf sín. Eftir

ögrandi starfi en rólegu. Hún fann sig reiðubúna að takast á við það. Hún ákvað því að sækja um. En hún hafði ekki táknafræðisáttu. Árið 1995 hafði hún sótt eitt námskeið en man lítið frá því. Hún á þó viðurkenningarskjalid fyrir það námskeið en sagði í starfsviðtalinu að það mundi líklega lítið hjálpa. Brynja Vigdís var ekki einasti umsækjandinn sem ekki kunnir táknafræði, flestir hinna kunnu lítið eða ekkert.

En af hverju fór hún að læra táknafræði 1995?

Það veit hún varla. Hún fór með vinkonu sinni eftir að hafa séð auglýsingu. Brynja Vigdís segist vera svolítið nýjungagjörn! Þegar hún tók við starfi prests heyrnarlausra var það hennar annað embætti sem prestur og telur hún að það hafi hjálpað henni að fá starf hérlendis að vera með reynsluna frá Noregi.

Hvernig finnst þér að vinna með heyrnarlausum og heyrnarskertum?

Mér finnst þetta mjög skemmtilegt og þetta er afar fjölbreyttur hópur. Fólk er á öllum aldri og býr við alls konar aðstæður. Við erum að kynna hvert

kirkjutáknafræði aðeins öðruvísi en hvers dags táknafræði. Enn sem komið er fylgir túlkurinn Brynju Vigdís en hún er raunsæ og finnst gott að hafa hann með sér. Hún vonar að táknafræði komi sem allra fyrst svo að hún geti sjálf rætt við sóknarbörnin.

Haldin er messa einu sinni í mánuði. Svo fer hún upp í Gerðuberg að hitta aldraða döf og er síðan með viðtals-tíma tvisvar í viku. FRAMHALD Á BLAÐS 16



Brynja ásamt fjölskyldunni sinni

BRYNJA VIGDÍS

Hún er nýr prestur heyrnarlausra og reynir ekki að fara í spor hennar séra Miyako heldur bara vera hún sjálf og döff þurfi að kynnast henni.



NÝR PRESTUR TEKUR VIÐ AF SÉRA MIYAKO

Hún heimsækir líka sambýlið að Lækjarási og blindra-vinnustofuna. Þar hittir hún dauþblinda og er nauðsynlegt að hafa túlk með. Þá reynir hún að hitta döff á Hrafnistu og heimsækir einnig döff á sjúkrahús. Þannig að starfið er mjög fjölbreytt.

Brynja Vigdís er ánægð með hve margir sækja messur. Í þær hafa komið 20 – 50 einstaklingar. Þó voru fleiri í hennar fyrstu messu og í jólamessunni. Kirkjan þarf að gera eitthvað svo að fólk vilji mæta í kirkju. Rætt hefur verið um mömmumorgna og hefur aðstaðan í Grensáskirkju batnað til muna. Þannig að hafi döff mæður áhuga er ekkert mál að byrja með mömmumorgna í kirkjunni.

Hvernig finnst þér að taka við af séra Miyako?

Flest sóknarbörnin eru orðin von séra Miyako og eru góðir vinir hennar. Allt hefur gengið vel og Brynja Vigdís reynir ekki að fara í hennar spor heldur bara vera hún sjálf og döff þurfi að kynnast henni. Séra Miyako var prestur heyrnarlausra í 31 ár en Brynja Vigdís er að stíga sín fyrstu spor. Miyako hefur reynst Brynju Vigdís mikil hjálp og tala þær oft saman. Brynja Vigdís talar um að eðlilegt sé að vilja fá gamla prestinn sinn til að skíra börn og fleira því að við viljum oft hafa þá sem við þekkjum. Miyako gat gert allt sjálf en Brynja þarf að hafa túlk. Eflaust hefur Miyako einnig þurft þess í byrjun. Ekki sé gott að miða sig við einhvern sem er mjög fær í táknmáli. Brynju Vigdís finnst gaman að horfa á táknmál þótt hún skilji lítið.

Brynju Vigdís finnst mikilvægt að fólk viti af henni. Hægt er að ná í hana í tölvupósti, síma og svo er hún með viðtalstíma á mánudögum og föstudögum í kirkjunni. Hún er einnig tilbúin að koma heim til fólks ef óskað er.



BLÁTT ÁFRAM



Heiðís D. Eiríksdóttir formaður og Guðrún Ebba Ólafsdóttir

Hvað er Blátt Áfram? Blátt Áfram er verkefni unnið í samvinnu við Ungmennafélag Íslands og felst í að efla forvarnir vegna kynferðislegs ofbeldis á börnum á Íslandi. Verkefnið snýst um fræðslu til fólks um þetta viðkvæma mál og markmiðið er að gera þolendum kynferðislegs ofbeldis auðveldara að leita sér hjálpar. Í mars fagnaði Félag heyrnarlausra því að nú liggja fyrir siðareglur til forvarnar og viðbragðsáætlun við misnóktun og kynferðisofbeldi hjá Félagi heyrnarlausra. Stjórn félagsins hefur lokið við gerð á siðareglum sem eru unnar í góðri samvinnu við Blátt Áfram. Í ljósi umræðna undanfarin misseri um kynferðisbrot tók stjórnin þá ákvæ-

rðun að Félag heyrnarlausra tæki þau framfaraspör að leggja fram siðareglur fyrir starfsmenn, stjórnarmenn og félagsmenn Félags heyrnarlausra ásamt þeim sem vinna í þágu félagsins. Er það von félagsins að önnur samtök fylgi í kjölfarið og geri hið sama. Blátt Áfram kom til Félags heyrnarlausra einn dag í mars til að halda fyrirlestur fyrir félagsmenn. Efni þeirra var annars vegar „forvarnir gegn kynferðisofbeldi“ sem aðalefni og „Berum kennsl á gerendur kynferðisofbeldis“ sem aukafni. Guðrún Edda Ólafsdóttir flutti erindið og Félag heyrnarlausra vill þakka henni fyrir komuna.

FRAMHALD Á BLADS 16



Guðrún Ebba hélt fyrirlesturinn í félagsheimili Félags heyrnarlausra

SIÐAREGLUR FÉLAGS HEYRNARLAUSRA

Hlutverk siðareglna er að veita þeim sem koma að starfi Félags heyrnarlausra almennar leiðbeiningar og vera þeim hvatning. Þær eru hluti af þeim anda sem á að vera ríkjandi í félaginu og þurfa að njóta almenns stuðnings meðal félagsmanna. Þær eru ekki tæmandi, heldur leiðbeinandi og hvetjandi. Aðhaldið felst í almennu viðhorfi til boðskapar reglnanna. Þær þarf að kynna öllum hlutaðeigandi.

Hlutverk siðareglna er mismunandi, allt frá því að vera leiðbeinandi yfir í það að hafa refsíákvæði.

Hluti af starfsemi Félags heyrnarlausra felst í barna og unglingastarfi. Því er mikilvægt að reglur varðandi kynferðisbrot og forvarnir gegn þeim séu skýrar og að þær gæti ávallt hagsmuna barna og unglunga eða hugsanlegra þolenda.

1. Starfsfólki, stjórnarmönnum og áhugafólki sem starfar hjá eða fyrir Félag heyrnarlausra er skylt að fræðast um aðgerðir varðandi forvarnir, misnotkun og ofbeldi.
2. Allir sem starfa í nafni eða í þágu félagsins skriki undir yfirlýsingu að þeir hafi kynnt sér ogfari eftir lögum og reglum sem Félag heyrnarlausra setur fram hverju sinni. Þeir þurfa að afhenda sakavottorð til framkvæmdastjóra og/eða formanns Félags heyrnarlausra eða gefa leyfi til að nálgast það.
3. Þeir sem hafa verið kærðir fyrir kynferðisbrot skuli ekki vinna innan félagsins, í nafni eða þágu félagsins þó þeir hafi verið sýknaðir af sakargiftum.
4. Hafi stjórn félagsins borist rökstuddan grun um að einstaklingur hafi sýnt óeðilega kynferðislega háttsemi gagnvart félagsmönnum eða öðrum skal hann ekki starfa innan félagsins, í nafni eða í þágu félagsins þó svo að sekt sé ekki sönnuð.
5. Starfsfólk eða stjórnarmenn skulu aldrei taka að sér akstur barna eða unglunga í nafni eða þágu félagsins, nema með skriflegu leyfi foreldra/forráðamanna.
6. Berist starfsmanni eða stjórnarmanni rökstuddur grunur, tilkynning eða vísbending um kynferðisbrot, lögbrot eða eignarspjöll, þá skal hann tilkynna það samkvæmt eðli málsins.

Stjórnarmenn / Starfsmenn/ áhugafólk sem starfa í Félagi heyrnarlausra eða í þágu þess skulu:

1. Standa vörð um anda og gildi félagsins og leggja sitt af mörkum til að hvort tveggja lifi áfram meðal félagsmanna.
2. Koma fram við alla félagsmenn sem jafningja, óháð kyni, kynþætti, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, fötlun, og kynhneigð.
3. Hafa lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri.
4. Taka alvarlega þá ábyrgð sem þeir hafa gagnvart félagsmönnum og hagsmunamálum félagsins.
5. Aldrei notfæra sér stöðu sína hjá félaginu til eigin framdráttar á kostnað félagsins.
6. Hafa hagsmuni félagsins og félagsmanna í huga í stjórnarstarfi og ákvarðanatökum.
7. Fylgja lögum Félags heyrnarlausra.

Félagsmenn skulu:

1. Ávallt sýna öðrum virðingu, jafnt í meðbyr sem mótbyr.
2. Bera virðingu fyrir hæfileikum og getu annarra óháð kyni, kynþætti, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, fötlun og kynhneigð.
3. Samþykkja aldrei eða sýna ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.



Ljósmyndir: Adam Skrzyszewski

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, Valgerður Stefánsdóttir, forstöðumaður og Júlía Hreinsdóttir á degi íslenska táknaáráttarinnar.

DAGUR ÍSLENSKA TÁKNMÁLSINS

Dagur íslenska táknaáráttarinnar var haldinn á 53 ára afmælisdegi Félag heyrnarlausra, 11. febrúar 2013. En atburðurinn byrjaði tveimur dögum áður í Kringlunni þar sem táknaáráttar-kennsla skipulögð af Samskiptamiðstöð heyrnarlausra fór fram og fólki kennt í táknaáráttar verslunarmiðstöðinni. Fólki virtist skemmta sér vel yfir því. Sumir voru mjög viljugir að taka þátt og læra nokkur táknaáráttar en aðrir voru frekar feimnir við það. Eftir kennsluna fengu þau tösku með áprentaðri stafrófsröð sem verðlaun.

Á deginum sjálfum byrjaði athöfnin á því að Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra heimsótti leikskólann Sólborg og grunnskólann Hlíðaskóla til að kynna litillega táknaáráttarverfinu. Síðan var haldið málþing í Háskóla Íslands þar sem fluttu voru fjölbreytt erindi um íslenskt táknaáráttar.

Á málþinginu voru ýmsir fyrirlestar. Júlía G. Hreinsdóttir var fundastjóri ásamt Valgerði Stefánsdóttur sem var raddtúlkur hennar. Þær skipulögðu dagskrá málþingsins og Vigdís Finnbogadóttir, sem er verndari norræna táknaáráttar og fyrrverandi forseti Íslands setti málþingið. Elsa Björg var fulltrúi barna úr leikskólanum Sólborg og hún söng á táknaáráttar og Katrín Jakobsdóttir flutti ávarp.

Síðan hófust fyrirlestrarnir. Sigríður Sigurjónsdóttir flutti fyrirlesturinn Ljáu mér eyra eða augu sem fjallaði um áhrif málumhverfis á málþroska barna. Einar, nemandi úr Hlíðaskóla, flutti ljóð á táknaáráttar og Nedelina Ivanova hélt fyrirlestur um málumhverfi heyrnarlausra barna í tengslum við fræðin og reynslu. Júlía G. Hreinsdóttir hélt líka fyrirlestur um Döff - þjóð án landmæra og Hjördís Anna Haraldsdóttir um hvort táknaáráttar eigi erindi í skrifstofu og stöðu táknaáráttarinnar í grunnskóla í gegnum tíðina. Að lokum fluttu Heiðdís Dögg Eiríksdóttir ásamt eiginmanni sínum, Arnari Ægissyni söguna, Táknaáráttar er okkar hjartans mál. Svo voru Arnar Ægisson og Sindri Jóhannsson með menningaratriði um hundana. Allir fyrirlestrarnir voru mjög góðir og fróðlegir í málþinginu þar sem margt fólk mætti og fylgdist með þar á meðal gamlir kennarar frá Vesturhlíðarskóla,

túlkanemendur, túlkur og fleiri.

Dagurinn lauk svo með viðkomu á Íslenska barnum við Pósthússtræti þar sem Þögla kvöldið var skipulagt af Sigríði Völu á vegum Félags heyrnarlausra. Markmiðið var að leyfa öðrum að kynna heimi heyrnarlausra og sjá táknaáráttarumhverfi hvort sem þau kunnu táknaáráttar eða ekki. Það var góð mæting á kaffihúsinu þar sem fólk mætti þangað með börnin sín, fengu sér mat og drykk og húsið fylltist.

Um kvöldið kom viðtal við Heiðdís Dögg Eiríksdóttir og Arnar Ægisson í Kastljósi á Ríkissjónvarpinu. Viðtalið fjallaði um líf þeirra, nám, störf og börnin í daglegu lífi.

Félag heyrnarlausra vill þakka Samskiptamiðstöðinni fyrir táknaáráttar-kennsluna og Háskóla Íslands fyrir málþingið. Félagið vill einnig þakka öllum sem komu að því að gera afmælisdaginn svona skemmtilegan og eftirminnilegan.



Elsa Björg flutti táknaáráttarlag ásamt krökkunum frá Sólborg



Katrín Jakobsdóttir flutti ávarp



Hulda M. Halldórsdóttir flutti tákningarslag á þögla kvöldinu.



Valgerður og Júlía fyrir framan gesti í Háskóla Íslands

STÓRAFMÆLI 2012

Þórarinn Marteinn Friðjónsson varð 85 ára þann 19. janúar.

Jóna Sveinsdóttir varð 85 ára þann 24. nóvember.

STÓRAFMÆLI 2013

Haukur Vilhjálmsson varð 50 ára þann 19. apríl.

Þorsteinn Ólafur Þorsteinsson verður 50 ára þann 8. nóvember næstkomandi.


**Í UNDIRBÚNINGI FYRIR
LJÓSMYNDATÖKU**

Leikararnir lágu á gólfinu með hvor öðrum og leikstjórar aðstoðuðu þá með uppstillingu á meðan Elsa stóð upp og tók loftmynd af hópnum á leiksviðinu hjá Theatre Manu.



SAMEIGINLEG MENNINGA

Ljósmyndir: Elsa Guðbjörg Björnsdóttir



HVAÐ ER NORTHERN LIGHTS THEATRE?

Eftir Elsu Guðbjörgu Björnsdóttur
& Margréti Pétursdóttur

„Verkefnið var hugmynd frá leikstjóranum Margréti Pétursdóttur en hún vann sem aðalleikstjóri norrænnar leiklistarsamvinnu áður. Hún vildi gera þetta verkefni með heyrnarlausum leikurum og lét drauminn ræstast.”

Fyrir tveimur árum fæddist hér á Íslandi hugmynd að verkefni. Hugmyndin snerist um að setja upp leikrit með ungu döff fólki frá Norður Atlantshafslöndunum á aldrinum 18 til 30 ára undir leikstjórn fagfólks í leikhúsi. Reyna átti á samvinnu fólks frá Kanada, Grænlandi, Íslandi, Færeyum, Noregi og Shetlands-eyjum. Hafist var handa við að sækja um undirbúningsstyrki og athuga hvort flötur væri fyrir svona stóru verkefni fjárhagslega. Einnig átti að kanna vilja til samstarfs í döffleikhúsum viðkomandi landa. Við urðum mjög glaðar í Draumasmiðjunni þegar við fengum jákvæð viðbrögð við undirbúningsstyrkjum og fórum að hafa samband við öll löndin og finna samstarfsaðila. Síðan þurftum við að heimsækja öll þessi lönd og funda með fólkinu um hugmyndina og ræða framkvæmd á henni. Það eru tvö ár síðan verkefnið hófst og ótrúlegt að það sé bara einn mánuður í frumsýninguna sjálfa sem verður þann 16. júní 2013.

Verkefnið sjálft er byggt á samvinnu þeirra sem vinna fyrir og með döff fólki. Samvinnuaðilarnir eru: Leikhópurinn Draumasmiðjaná Íslandi sem hafa umsjón með verkefninu Glad Teater í Danmörku sem sjá um grænlenka hlutann, Teater Manu í Noregi og Elizabeth Morris frá Kanada. Markmiðið var að finna döffleikhús í þessum löndum, en leita þurfti til Danmerkur til að vinna með Grænlandi en bæði þar og í Kanada er einfaldlega ekkert döffleikhús til. Færeyjar treystu sér ekki til að taka þátt í.. FRAMHALD Á BLAÐS 22

UR RARFUR



Bo leikstjóri prófaði alls konar tæki með Inuuteq og Silva hjá Teater Manu í Noregi. Frá vinstri: Elsa Björnsdóttir (IS), Mira Zuckermann aðalleikstjóri (NO), Ronny Jacobsen (NO), Margrét Pétursdóttir verkefnisstjóri (IS), Bo Hårdell (DK) og Elizabeth Morris (CA)

..svona stóru verkefni og á Shetlands-eyjum er skortur á döff fólki svo niðurstaðan var að þau lönd taka ekki beinan þátt í verkefninu. Ferðalagið til allra þessara landa tók hálf ár og segja má að maður sé orðinn reynslunni ríkari af mismunandi flugfélögum, þjónustu, framkomu við döff og upplifun á ólíkri menningu í öllum þessum löndum en það sem stóð uppúr í hverri einustu ferð er að við hittum döff hópa og einstaklinga sem hafa haft mikil áhrif á okkur sem og þetta verkefni.

Fyrsti leikstjórafundurinn var haldinn á Íslandi í júní 2012 og drög voru

reynslu af döffleikhúsi. Nú, þegar hefur myndast sterkur flötur fyrir áframhaldandi samstarfi milli þessara landa í framtíðinni, er engin spurning um að þessi kynni munu vara ævilangt. Fyrir það getur maður ekki annað en verið þakklátur og vongóður um að döffleikhús á Íslandi sé komið til að vera. Eins vonum við að sameiginleg verkefni Norðurljósaleikhússins verði fleiri í framtíðinni.

Sameiginlega mótaði hópurinn hugmyndina að leikverkinu, og lagði drög að vinnustofunum (workshopunum) sem framundan voru. Fyrsta vinnu-

löndum með ýmsu móti. Elements leikritið mun vera sýnt á Íslandi, Danmörku, Noregi og Færeyjum og efla döff menningu á þessum svæðum.

Ekki er hægt að segja að þetta hafi allt gengið eins og smurt né eins og í sögu því margar hindrannir hafa komið upp á þessu ferðalagi okkar síðastliðið ár eftir að leikarahópurinn var valinn. Til stóð að hafa lágmark 3 leikara frá hverju landi eða samtals 12 leikara. Staðreyndin er hinsvegar sú að á þessu tímabili hafa fjórir leikarar þurft frá að hverfa, einn strax í upphafi þar sem hann lenti í fangelsi, einn hætti vegna

„VIÐ VISSUM HVORKI HVERNIG LEIKSTJÓRATEYMIÐ MYNDI NÁ SAMAN, NÉ HVERNIG..“

lögð að leikritinu sjálfu, útliti þess og starfinu í heimalöndunum. Ákveðið var að byrja á að velja 3 leikara frá hverju landi sem myndu svo hittast á þremur vinnustofum (workshopum) með leikarahópnum og frumsýna svo leikritið í beinu framhaldi eftir þriðja hittinginn. Þarna á þessum fundi varð Norðurljósaleikhúsið að veruleika. Fyrir fyrsta fundinn okkar vissum við hvorki hvornig leikstjórategymið myndi ná saman, né hvornig ólíkar hugmyndir og ólíkur bakgrunnur myndi virka fyrir eina leiksýningu. Hópurinn náði svo vel saman að engin spurning var að þetta leikstykki myndi ná langt. Ástríðan sem heldur þessum hóp saman er mjög mikil og sterk og á bak við allt stendur fólk með sterka döff sjálfsvitund og mikla

stofan var í Danmörku í janúar 2013 og þar var leikarahópurinn hristur saman og honum kenndar ákveðnar vinnureglur sem gilda í leikhúsi. Seinni vinnustofan var í Noregi í febrúar og þar mótuðust handritin og senurnar tóku á sig mynd. Þróun handritsins hefur aðallega verið í gegnum leikhúsvinnu þar sem þetta unga döff fólk hefur unnið með fagmenntuðu leikhúsfólki bæði heima og erlendis. Tveir til þrjú þátttakendur frá hverju landi voru valdir til að leika í verkefninu. Leikararnir eru samtals 9 en annað ungt fólk frá döff samfélaginu mun taka þátt í verkefninu sem aðstoðarmenn, sviðsmenn, og starfa á bakvið tjöldin að þessu verkefni svo segja má að þetta verkefni nái til mjög margs ungs fólks í þessum

vinnu og námssamnings, sem erfitt var að eiga við ásamt æfingum og ferðalögum vegna þessa verkefnis. Sá þriðji gat ekki tekið þátt vegna persónulegra vandamála, einnig fékk einn sem hafði verið atvinnulaus í mjög langan tíma vinnu sem hann gat ekki sleppt. Þannig fækkaði hópnum úr 12 í 8 en við fundum staðgengil fyrir einn svo hópurinn endaði í 9 manns. Þrátt fyrir að leikararnir hafi komið og farið og neyðst til að segja sig úr verkefninu þá hafa samt myndast góð og sterk tengsl innbyrðis og þau tengsl munu vara áfram.

Það sem mér finnst ég hafa mest lært síðustu tvö ár í vinnu minni við þetta verkefni er að við það að leikstýra öðrum leikurum þá sé ég hvornig ég get bætt sjálfa mig sem leikkonu. Það að



Frá vinstri: Thomas Johannessen (NO), Kolbrún Völkudóttir (IS), Anne-Line Lonnbu Kirste (NO), Jonathan Poulin-Desbiens (CA), Inuuteq Isaksen (GR), Gunnar Snær Jónsson (IS), Pernille Forsberg Vogt (NO), Harald Haraldsen (GR), Corinna Den Dekker (CA) og Aaron Braeden Wolfe-Maxwell (CA)

óska eftir einhverju frá leikaranum sem leikstjóri gefur mér nefnilega hugmynd um það hvers aðrir leikstjórar gætu óskað af mér svo að sú reynsla kennir mér að vera betri leikkona sjálf. Þetta er ómetanlegur lærdómur sem ég hefði eflaust aldrei kynnst nema að kynnst leikstjórávinnunni. Að hugsa um leikverk sem eina heild: ljósin, búninga, sviðsmynd og leikara er ákaflega gott og þroskandi fyrir sköpunargleðina og það besta við sköpun er að geta sleppt hugmynd og byrjað á einhverju nýju því ef eitt virkar ekki þá er bara að prófa eitthvað nýtt.

ingu hvers annars sem og menningu og tungumál.

Hópurinn hefur öðlast það tækifæri að ferðast til annarra landa og eignast þá reynslu að skoða og upplifa ólíka menningu í öðrum döff samfélögum. Með því vonumst við til þess að styrkja döffmenningu og samfélag döff á Norður Atlantshafssvæðinu. Við vonumst líka til að styrkja sjálfsmynd þeirra í gegnum listina sjálfa. Við viljum að döff menning sé sýnilegri út á við og að heyrandi samfélag taki betur eftir okkur og trúum því að svona fjölbjóðlegt verkefni af þessari stærðargráðu sé lík-

vegna þess að ég veit að þetta gefur svo mikið til komandi döffkynslóða. Þátttakendurnir taka þessa reynslu með sér áfram í einkalíf sitt og starf en í leikarahópnum okkar eru til dæmis tákna málskennari, þroskaþjálfanemi, leiklistarnemar og dansari. Reynsla og upplifun er ekki fól fyrir alla heimsins peninga og kemur sér samt alltaf vel í lífi og starfi.

Meginmarkmiðið er að framleiða og sýna fallegt leikhússtykki sem mun auka döff menningu í öllum þátttökulöndunum. Til að ná þessu markmiði völdum við með okkur fagfólk í

„ÓLÍKAR HUGMYNDIR OG ÓLÍKUR BAKGRUNNUR MYNDI VIRKA FYRIR EINA LEIKSÝNINGU.”

Hvating okkar og markmið

Ástæðan fyrir þessu verkefni og aðal hvatning okkar er að döff leikhús og döff samfélagið hefur lengi barist fyrir tilvist sinni og viðurkenningu. Fjöldi döff fólks fer fækkandi í þessum löndum en vegna góðrar heilsugæslu þá missa færri börn heyrnina. Stadreyndin er samt sú að áfram munu döff börn fæðast og þau hafa og munu hafa allan rétt á að njóta menningar sinnar í sínu samfélagi.

Ungt döff fólk er í miklum minnihluta í flestum löndum, sérstaklega í dreifibýlum og úti á landi, og aðal markmið okkar er að tengja þetta unga döff fólk saman á þessum svæðum til að kynna þau hvert fyrir öðru, menn-

legt til að fá athygli frá fleirum heldur en einungis döff samfélaginu. Ég sé nú þegar mjög mikinn þroska sem leikararnir okkar eru að taka út með þessum kynnum sínum við hver aðra og ferðalaga til ólíkra landa. Þeir eru að uppgötva alla þá möguleika og líf sem þeirra biður og hversu mikið lífið sjálft og heimurinn hefur að bjóða fyrir utan þeirra eigið heimaland. Mér finnst einlæglega yndislegt að horfa á þau vaxa og dafna í þessu verkefni okkar og mjög fróðlegt að sjá hvernig þau takast á við hinar ýmsu hindranir sem á vegi þeirra verða. Ég hugsa oft um hvað þetta verkefni er að gefa þeim og okkur og öllu döff samfélaginu mikið. Þrátt fyrir alla þessa vinnu síðastliðin 2 ár þá myndi ég eflaust gera þetta allt aftur,

döffleikhúsi frá þessum löndum til að vinna með okkur. Markmið okkar er líka að bæta aðgengi döff að menningarlegu efni í Norður Evrópu. Þetta verkefni er líka mikilvægt því það stuðlar að því að þau döff sem búa á þessum svæðum finnist þau vera hluti af stærri heild.

Flestir döff horfa á heim heyrandi sem fjarlæg, óskiljanlegan og ókunnugan. Þessu verkefni er ætlað að brúa þá gjá sem er á milli döff og heyrandi heima í gegnum döff menningu í þetta sinn án þess að hin ráðandi menning heyrandi komi þar inn. Verkefnið á að vekja athygli á okkar fallega tákna máli sem þrátt fyrir allt er ólíkt í hverju og einu landi og alveg jafn mörg og tungumál heyrandi eru.

FRAMHALD Á BLAÐS 24

Táknmálið fær nefnilega hvorki næga athygli né er það viðurkennt sem móðurmál döff allstaðar. Til dæmis eru bara 2 ár síðan það var viðurkennt hér á Íslandi.

Niðurstaða

Aðal niðurstaða verkefnisins og sú sem er einna mest áberandi er leik-sýningin sjálf Elements sem verður sýnd í fjórum löndum. Sýningin á að ná til allra, döff sem og heyrandi og með góðri kynningu vonumst við til að ná til sem flestra. Tilgangurinn er að ná til sem flestum inn í leikhúsið í hverju landi. Þetta mun hafa þau áhrif að meðvitund um döff og döff menn-ingu verður útbreiddari. Verkefnið mun á þann hátt ekki aðeins hafa áhrif á döff, en opna líka augu þeirra sem heyra. Þau munu

sjá að þau búi í sama landi og fólk sem deili ekki endilega sama tungumáli og þau. Sýningin mun þar að auki bætast við sem val á menningarviðburðum fyrir döff, á sama tíma og heyrandi munu hafa frumlegt val á atburðum til að sjá og skoða. Þeir sem græða mest á þessu verkefni er unga döff fólk, þau eignast nýja vini, nýja reynslu, ferðast til margra landa og framkvæma menningarlega mikilvægan atburð. Með því að stækka tengslanet ungs döff fólks í þáttökulöndunum, mun á sama tíma tengslanet allra döff í heiminum stækka því samfélagið er svo lítið og náíð. Verkefnið eykur á þessi áhrif með því að hafa þáttakendur heima hjá öðrum fjölskyldum í döffsamfélögum í þeim löndum sem þau heimsækja.

Það verðmætasta sem við eigum er

unga döff fólk þvi þau eru framtíðin okkar sem mun viðhalda menningunni og málinu og því ber að hlúa að þeim. Án alls efa er besta niðurstaðan okkar sú að unga fólk okkar eignist þessa lífsreynslu og lærdóm. Á sama tíma er það einnig dýrmætasta niðurstaðan því menningararfurinn er ómetanlegur.

- ▶ Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu verkefnisins www.northernlighttheatre.wordpress.com.
- ▶ Ef þig langar að styðja verkefnið geturðu farið á www.manymade.org/Project/Index/56

ÍSLANDSMÓT Í KEILU 2013



Ljósmynd: B&B Kristjánsson

Ragnheiður Þorgilsdóttir í gráum bol og Ragna Guðrún Magnúsdóttir í bláum bol hægra megin í ljósmyndatöku fyrir Íslandsmótið.

Það var Íslandsmót í keilu 2. til 5. febrúar 2013 sem var haldið í Keiluhöllinni í Öskjuhlíð og Egilshöll. Þar tóku döffarar þátt í Íslandsmótinu, Jóel Eiður Einarsson og Þröstur Friðbjólfsson í karladeild og Anna Kristín Ólafsdóttir, Ragna Guðrún Magnúsdóttir og Ragnheiður Þorgilsdóttir í kvendaeild.

Í forkeppni karladeildar lenti Þröstur í 24. sæti með 1994 stig og Jóel lenti í 25. sæti með 1948 stig í tólf leikjum. Það voru 28 karlar samtals sem tóku þátt í mótinu. Í kvendaeildinni lenti Lilja í 5. sæti með 2050 stig, Ragna í 7. sæti með 2006 stig og að lokum Anna í 13. sæti með 1772 stig í 12 leikjum.

Eftir forkeppnina tóku 16 menn þátt í milliriðlum og

karlar voru 16 en konur 12. Þá endaði Lilja í 4. sæti með 3117 stig og Ragna í 6. sæti með 3044 stig. Í undanúrslitum lenti Lilja í 6. sæti með 4381 stig og Ragna í 7. sæti með 4274 stig.

Þau sem unnu mótið voru Dagný Edda Þórisdóttir frá KFR og Hafþór Harðarson frá ÍR sem Íslandsmeistarar einstaklinga í keilu árið 2013. Í 2. sæti voru Linda Hrönn Magnúsdóttir frá ÍR og Skúli Freyr Sigurðsson frá ÍA og í 3. sæti voru Guðný Gunnarsdóttir frá ÍR og Magnús Magnússon frá ÍR.

Félag heyrnarlausra vill hrósa félagsmönnum sínum fyrir góðan árangur á Íslandsmótinu.

SIGNWIKI Á ÍSLANDI

Tekið af heimasíðu Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskerta

Verkefnið SignWiki á vegum Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) hlaut Nýsköpunarverðlaun í Opinberri Þjónustu 2012 þann 30. október 2012. Verkefnið er upplýsingakerfi og þekkingarbrunnur þar sem tákn málsorðabók og tákn málsnámi er miðlað í tölvur, spjaldtölvur og síma. Þetta er ný nálgun sem byggist á opinni og virkri þátttöku þar sem málsamfélagið og áhugafólk um tákn máls eru þátttakendur og leggja til námsefni og tákn. SignWiki nýtist sem orðabók, til kennslu og í samskiptum við heyrnarlausra, fyrir almenning og til rannsókna og hefur gjörbreytt aðgengi að tákn máli og miðlun þess.

Smá fróðleik um SignWiki

Þekkingarbrunnur fyrir íslenskt tákn máls fyrir vef og farsíma. SignWiki Ísland er verkefni á vegum Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH). Hér er aðgangur að íslenski tákn málsorðabók, kennsluefni, æfingum og fræðsluefni. Notendur geta



einnig lagt til efni og tákn og breytt og bætt það sem aðrir hafa gert.

SignWiki er ætlað til upplýsinga og fræðslu og SHH tekur enga ábyrgð á notkun tákna eins og þau birtast á vefnum.

Sendu okkur línu á wiki@shh.is ef þú ert með fyrirspurn eða ábendingar.

Farsímar og spjaldtölvur

Allt efni er aðgengilegt í gegnum snjallsíma og spjaldtölvur. SignWiki er hannað til að nýtast vel í Android og iPhone snjallsímum, einnig spjald-

tölvum Android og iPad. Þú ferð einfaldlega á is.signwiki.org í símanum þínum eða spjaldtölvunni. Veldu svo "Add to Homescreen" og SignWiki tengill birtist á skjáborðinu hjá þér, þannig hefur þú aðgang að tákn málsorðabók beint frá símanum þínum.


Höfundaréttur

Efni á SignWiki má nota til kennslu og til einkanota. SignWiki notar einnig efni, s.s. myndir sem aðrir hafa gert aðgengilegt undir "Creative Commons" leyfi. Ekki hlaða inn höfundaréttarvörðu efni á SignWiki. Hladdu eingöngu eigin efni, þ.e. myndböndum og myndum, eða myndum sem leyfilegt er að nýta.

SIGNWIKI Í TANSANÍU OG NAMIBÍU

Tekið af heimasíðu Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskerta

Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) hefur búið til samskonar forrit SignWiki í Tansaníu og Namibíu. Það virkar eins og SignWiki á Íslandi sem þekkingarvefur og hægt að bæta táknum þar inn o.s.frv. Tansanía er komin með um 2.000 tákn og Namibía er komin með um 300 tákn.



Myndin er tekin af heimasíðu SignWiki í Namibíu

FLJÚGANDI TÖFRATEPPI VARÐ EKTA

Eftir Gunnar Snæ Jónsson

Margt fólk hefur greinilega þælt í því hver Magic Carpet er. En meginspurningin er hvers vegna stofnaði ég hópinn? Áður hafði ég fengið fyrirspurnir frá fólki úti í bæ um hvar þau gætu lært táknmál og allt sem ég gat bent á var björkvöld sem nefnd Félags heyrnarlausra heldur reglulega eða táknmálsnámskeið hjá Samskiptamiðstöð. En ég hafði alltaf á tilfinningunni að ég væri aldrei með nógu gott svar. Þá kom spurning upp í höfðinu mínu um hvort ekki vantaði opinberan stað fyrir fólk með áhuga á táknmáli til að hittast.

Í byrjun sumars 2011 flutti ég til Noregs og bjó í miðbæ Oslóar og um daginn tóku norskir vinir mínir mig með þeim til SAFT hittings í bænum. Í fyrstu lagi hafði ég enga hugmynd hvað SAFT var nema djús á íslensku. Svo tók ég eftir að SAFT, Sosial Akademisk Forening for Tegnspråkbrugere, var félag tákmalnotenda stofnað árið 2005 af heyrnarlausum stráki og túlkanema og markmiðið var að hafa skemmtistað fyrir heyrnarlausu nema og túlkanema til að hittast í Osló, þar sem þeir fá tækifæri til að þjálfá tákmaláskunnáttu sína. Það er líka til hópur sem heitir BEAST í Bergen. Þarna fattaði ég loksins að spurningin í höfðinu mínu hafði beðið í langan tíma eftir réttu svari. Samfélagið á Íslandi vantaði þennan vettvang. Þegar ég flutti heim til Íslands eftir að hafa búið í Osló í næstum eitt ár, ætlaði ég að hefja nýtt verkefni með því að stofna sjálfstæðan samfélagshóp í Reykjavík en gerði ekkert fyrir en hálfu ári seinna.

Í byrjun nóvember sagði ég vinkonu minni, Sigríði Völu, frá þessu og hún sagði að það var kominn tími að stofna hópinn. Hún sparkaði í rassinn á mér og kom þessu af stað og við fundum fullt af hugmyndum fyrir nafn hópsins og við vildum hafa það dálítið „öðruvísi“. Að lokum var Magic Carpet ákveðið.



Logo fyrir Magic Carpet



Gunnar Snær Jónsson og Sigríður Vala Jónsdóttir

Við hefðum getað notað íslenska orðið, töfrateppi, en okkur fannst það hljóma betur á ensku. Magic Carpet er fljúgandi teppi úr teiknimyndinni Aladdin af Disney sem samsvarar „ferð til tákmalásumhverfis með töfrateppi“ og auk þess er það líka vinsæll drykkur sem er blandað af Disaronno með orkudrykk í bænum.

Hópurinn var stofnaður þann 5. nóvember 2012 og við Sigríður Vala bjuggum til lýsingu um hópinn á Facebook grúppu að Magic Carpet sé sjálfstæður samfélagshópur sem kemur saman þriðja hvert föstudagskvöld á Bar 11. Samkoman gefur heyrnarlausu fólki og heyrandi fólki sem er að læra tákmal öruggan samastað til að eiga samskipti. Túlkanemar og aðrir sem eru að læra tákmal, fá þarna tækifæri til að æfa sig í tákmalí og kynnast betur heimi heyrnarlausra um leið og þetta gefur heyrnarlausum tækifæri til að stækka vinarhópinn. Aldurstakmarkið er 18 ára og eldri þó maður þurfi auðvitað að vera á löglegrum aldri til að kaupa sér áfengi, en það er á þeirra ábyrgð. Við vildum ekki setja aldurstakmark til 30 ára því samfélagið á Íslandi er frekar lítið svo að við viljum helst hafa það sveigjanlegra. Við höfum tekið eftir að flestir á aldrinum 20 til 40 ára hafa mætt í samkomu hópsins.

Í upphafi fórum við Sigga Vala í leit að skemmtistað á góðum stað þar sem fólk getur komið og kynnst öðrum í staðinn fyrir að fara inn í húsnæði hagsmunafélags. Þannig verður allt minna vandræðalegt fyrir það í fyrstu skiptin. Við fundum staðinn Lebowski

bar, á Laugavegi og höfðum þar fyrsta hittinginn þann 23. nóvember 2012 um niuleytið að kvöldi og 15 manns mættu. Eftir það byrjaði fólk að fjölga á næsta hittingi og nú eru komnir 139 meðlimir í Magic Carpet grúppuna á Facebook. Það var eins og draumurinn minn yrði að veruleika og það var frábær tilfinning. Annars væri skemmtilegt að sjá meðlimina fjölga enn meira með tímanum. Við tókum seinna eftir því að Lebowski bar var alltaf með frátekið borð og frekar dýra drykki svo við fluttum á Bar 11 á Hverfisgötu 18 og breyttum að tímanum í um tíuleytið að kvöldi í staðinn. Flestir voru sáttir með nýjan stað.

Eftir við stofnuðum hópinn hef ég fengið hrós frá fólki í bænum. Margir heillast af því að sjá tákmal í umhverfinu og óskar þess að læra tákmal líka. Ég hef líka fengið heyra frá nokkrum að þeir beri mikla virðingu fyrir okkur því þeim finnst tákmalíð vera fallegt tungumál og æðislegt að sjá lifandi fólk talandi á tákmalí í kringum þá. Það var skemmtilegt að heyra það. Ég vil þakka Sigríði Völu fyrir samvinnu við stofnun félagsins. Öllum er velkomið að kíkja á Magic Carpet.

Hægt er að nálgast hópinn á <https://www.facebook.com/groups/106510582847739/?fref=ts>

Næst á dagskrá:

7. júní, 28. júní, 19. júní, 9. ágúst, 30. ágúst, 20. september.

LÖG UM STÖÐU ÍSLENSKRAR TUNGU OG ÍSLENSKT TÁKNMÁLS

3. gr.

Íslenskt táknmál.

Íslenskt táknmál er fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og sam- skipta og barna þeirra. Skulu stjórnvöld hlúa að því og styðja.

Hver sem hefur þörf fyrir táknmál skal eiga þess kost að læra og nota íslenskt táknmál, jafnskjótt sem máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða dauf- blinda hefur greinst. Sama rétt eiga nánustu aðstandendur.

5. gr.

Málstefna.

Ríki og sveitarfélög bera ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og skulu sjá til þess að hún sé notuð. Um málstefnu og stöðu íslenskrar tungu skal leitað samvinnu við Íslenska málnefnd, sbr. 6. gr.

Íslenska ríkið og sveitarfélög stuðla að þróun, rannsóknun, kennslu og útbreiðslu íslensks táknmáls og styðja að öðru leyti við menningu, menntun og fræðslu fyrir heyrnarlausu, heyrnarskerta og daufblinda. Um málstefnu og stöðu íslensks táknmáls skal leitað samvinnu við málnefnd um íslenskt táknmál, sbr. 7. gr.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fylgist með því hvernig lögum þessum er framfylgt og getur krafist einstakar stjórnvöldum um skýrslur þar að lútandi.

7. gr.

Málnefnd um íslenskt táknmál.

Ráðherra skipar fimm menn til setu í málnefnd um íslenskt táknmál til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Við skipun nefndarinnar skal haft samráð við hugvísindasvið Háskóla Íslands, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, hagsmunasamtök heyrnarlausra og heyrnarskerta hér á landi og Samband íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra velur formann og varaformann málnefndar um íslenskt táknmál.

Hlutverk málnefndar um íslenskt táknmál er að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um hvað eina er varðar íslenskt táknmál og stuðla að eflingu íslensks táknmáls og notkun þess í ís- lensku þjóðlífi.

Skrifstofa málnefndar um íslenskt táknmál er í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ráðherra setur reglugerð um nánari starfsemi málnefndar um íslenskt táknmál.

9. gr.

Túlkun og táknmálstúlkun hjá stjórnvöldum.

Um rétt til túlkabjónustu og skyldur dómstóla til að leita aðstoðar túlka og táknmálstúlka fer samkvæmt lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála.

Stjórnvöld skulu leitast við að tryggja að sá sem skilur ekki íslensku geti fengið úrlausn erinda sinna og tileinkað sér efni skjala og skilríkja sem skipta hann máli.

13. gr.

Skyldur ríkis og sveitarfélaga og staða íslensks táknmáls.

Ríki og sveitarfélög skulu tryggja að allir sem þurfa eigi kost á þjónustu á íslensku táknmáli. Ríki og sveitarfélög bera ábyrgð á því að varðveita íslenskt táknmál, þróa það og stuðla að notkun þess. Lögð verði áhersla á að fræðiheiti á ólíkum sviðum í íslensku táknmáli nái að þróast og séu notuð.

Íslenskt táknmál er jafnréttihátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í milli og er óheimilt að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir nota.

Samþykkt á Alþingi 27. maí 2011.

SAFFRAN

samskip

nettó

MÁLNEFND UM ÍSLENSKT TÁKNMÁL

Eftir Kareninu Kristínu Chiodo

Í 7. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls frá 7. júní 2011 segir, að ráðherra eigi að skipa fimm menn til setu og jafnmarga til vara í málnefnd um íslenskt tákn mál til fjögurra ára í senn. Hlutverk málnefndar er að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um hvað eina er varðar íslenskt tákn mál og stuðla að eflingu og notkun þess í íslensku þjóðlífi.

Í nefndinni sem mennta- og menningarmálaráðherra hefur skipað til ársins 2016 sitja Valgerður Stefánsdóttir (Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskerta), Ari Páll Kristinsson (Stofnun Árna Magnússonar), Heiðdís Dögg Eiríksdóttir (Félag heyrnarlausra), Hjördís Anna Haraldsdóttir (Samband Íslenskra sveitafélag) og Rannveig Sverrisdóttir (Hugvísinda-deild Háskóla Íslands). Nefndin hittist mánaðarfresti. Það er í höndum ráðherrans að loknu tímabilinu að endurskoða skipan nefndarinnar. Þar að auki starfar málfræðingur að nafni Kristín Lena Þorvaldsdóttir í 20% starfi. Hún er ritari nefndarinnar, safnar gögnum og vinnur að verkefnum hennar.

Meðal fyrstu verkefna málnefndar var að móta framkvæmdaáætlun og forgangsraða verkefnum. Helstu forgangsverkefni nefndarinnar eru að styrkja stöðu tákn málsins í íslensku þjóðlífi, styrkja tákn máls umhverfi fyrir börn sem þess þurfa og menntun og kennslu á tákn máli, auka notkun þess og með þessu að tryggja áframhaldandi líf íslenska tákn málsins.

Málnefndin hefur skilað framkvæmdaáætlun til mennta- og menningarmálaráðherra en nefndin þarfnast



Valgerður Guðmundsdóttir

hlíðarskóla þegar hann var lagður niður og börnin voru flutt í Hlíðaskóla. Þar er mál umhverfið íslenska, ekki íslenskt tákn mál og helstu málfræðingurir í þeim skóla tala íslensku. Það dugar ekki að eingöngu kennari kenni tákn mál, því að börnin þurfa að hafa fleiri sterkar málfræðingurir til að læra að bera virðingu fyrir málinu og að vera daglega í félagslegum samskiptum á málinu. Svipuð þróun hefur átt sér stað í leikskólanum. Þar eru börnin í aldurskiptum hópum þar sem raddmálið er ríkjandi en mynda ekki saman tákn máls samfélag. Börn sem eru með skerta

máli og máltöku og þess vegna verða börn sem eiga að ná máltöku á tákn máli að mynda saman máls samfélag. Annar þáttur sem þarf að huga að í máluppeldi tákn máls barna er virðing fyrir málinu sem birtist í viðhorfum fólks og málhegðun. Þar sem máltaka barna fer fram í tvítýngdu eða margtýngdu umhverfi hefur verið sýnt fram á að félagslegir þættir og viðhorf til tungumála geta komið í veg fyrir að börn nái valdi á tungumáli þrátt fyrir að málið sé oft notað í umhverfi barnsins.

Við lítum svo á að málið sé í hættu. Ef börnin læra ekki málið, mun það deyja út. Lögin um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls vinna á hinn bóginn með málinu og gefa málnefndinni rétt til aðgerða sem efla málið og geta tryggt líf þess. Í lögnum stendur að ríki og sveitafélög eigi að styðja og efla tákn málið og hvernig eigi að standa að því. Það er gert með því að hafa eftirlit sem ýtir á og gætir þess að tákn málið sér virt og það eftt, t.d. ef stjórnvöld leita til nefndarinnar getur hún gefið þeim ráð um hver næstu skref eigi að vera. Ef taka á einhverjar ákvarðanir á vettvangi stjórnvalda getur nefndin leiðbeint hvernig á að snúa sér í því máli. Nefndin hefur til dæmis tekið þátt í því að móta málstefnu með stjórnarráðinu. Í málstefnu stjórnarráðsins sem komin er út, er tákn mál oft nefnt og þar sem öll ráðuneytin heyra undir stjórnarráðuneytið gildir málstefnan fyrir heimasíður allra ráðuneyta. Þessi málstefna hefur nú þegar komið til framkvæmda.

Þann 7. júní ár hvert verður skýrsla um stöðu íslenska tákn málsins birt, en þann dag tóku lögin gildi. Í lögnum er kveðið á um að bannað sé að mismuna fólki eftir því hvort það notar íslenskt tákn mál eða íslensku. Verði vart við mismunun er hægt að benda málnefndinni á það. Lögin eru sett til þess að stuðla að eflingu og notkun tákn málsins í íslensku samfélagi. Einnig þarf að efla kennslu í tákn máli fyrir heyrnarlausra og aðstandendur þeirra. Auka þyrfti fjármagn í þetta verkefni.

Eitt af verkefnum málnefndarinnar gæti verið að gera úttekt á öllum heimasíðum ráðuneytanna og skoða hvernig staðið er að tákn málsnotkun þar. Bæði getur málnefndin skoðað hvort ráðuneytin fylgja settri málstefnu en einnig hvort tákn málsþýðingar eru á einföldu og skýru máli. Til þess að fara yfir málfar væri best að tveir aðilar

“VIÐ LÍTUM SVÖ Á AÐ MÁLIÐ SÉ Í HÆTTU. EF BÖRNIN LÆRA EKKI MÁLIÐ MUN ÞAÐ DEYJA ÚT.”

fjármagns til að fylgja framkvæmdaáætluninni eftir. Því miður er ekki nægt fjármagn til svo að hægt sé að ljúka þeim forgangsverkefnum sem sett hafa verið á þeim tíma sem nefndin myndi óska eftir.

Mat málnefndarinnar er að íslenska tákn málið sé í hættu á að deyja út. Vegna tækninýjunga eins og kuðungs-ígræðslu er mikil áhersla lögð á íslensku, hljóð- og talþjálfun. Þar að auki veiktist tákn máls umhverfi Vestur-

heyrn ná ekki félagslegu samskiptunum og menningarferni í raddmáls samfélagi. Máltaka snýst um hvernig börn læra tungumál og á sama tíma félagsmótun þeirra og menningarhegðun. Máltakan tengist því að verða félagslega hæfur í samfélaginu og til þess þarf barnið að ná samskiptunum í hópnum. Ferlið að verða félagslega hæfur kemur að miklu leyti í gegnum tungumálið. Félagsleg þátttaka og menningarleg gildi eru óaðskiljanleg frá

kæmu að því, annar döff og hinn heyrandi. Í þetta vantar fjármagn og ekki hægt að ráða starfsmenn til verksins.

Málnefndin ákvað að 11. febrúar, afmælisdagur Félags heyrnarlausra, yrði valinn sem dagur íslenska táknmálsins og sendi beiðni þar um til menntamálaráðherra sem samþykkti það. Óskað var eftir við rikissjónvarpið að þann dag yrði fjallað um táknmálið og í þættinum Kastljós birtist viðtal við formann Félags heyrnarlausra, Heiðdís Dögg Eiríksdóttur og eiginmann hennar, Arnar Ægisson. Einnig birtist viðtal við Rannveigu Sverrisdóttur í Fréttablaðinu. Auk þess var haldið málþing í samstarfi við rannsóknastofu í táknmálsfræðum.

Fyrir 11. febrúar var útbúið fræðsluefni um íslenskt táknmál á SignWiki fyrir yngri og eldri bekkir grunnskólans. Þar var efni fyrir kennara og nemendur. Menntamálaráðherra sendi bréf í alla skóla þar sem kennurum var bent á efnið og þeir hvattir til þess að kynna íslenskt táknmál í skólum. Margir skólar nýttu sér þetta og eru ánægðir með efnið. Mikill áhugi er meðal grunnskóla

á SignWiki en halda verður áfram að kynna efnið. Samskiptamiðstöðin hefur verið að vinna að þessu verkefni svo og málnefndin.

Málnefndin hefur í starfi sínu lagt mesta áherslu á máltökustýringu og vill hafa áhrif á málstefnu í máluppeldi og menntun. Þá vill nefndin vinna að aðgerðum til að breyta viðhorfum til íslensks táknmáls og tvítýngis. Við viljum starfa með öðrum aðilum til þess að börn geti átt hindrunarlausu máltöku. Mikilvægt er að leikskólar, skólar og aðrir aðilar sem vinna að máltöku barna hafi aðgang að stuðningi við uppbyggingu á táknmálsumhverfi sem er forsenda fyrir máltöku á íslensku táknmáli. Þetta starf þarf að efla verulega á næstu árum. Stefnt er að því að málstefna fyrir íslenskt táknmál verði fullgerð fyrir árslok 2014.

Döff fólk hefur mjög takmarkaðan aðgang að upplýsingum í samfélaginu. Fyrir kosningar fær döff fólk til dæmis bara einn dag með túlki til að fá upplýsingar um flokka og framboðendur á meðan heyrandi fá stöðugt upplýsingar í margar vikur. Félag heyr-

narlausra gæti einnig komið með ábendingar til málnefndarinnar og bent á hvar hægt væri að efla upplýsingar fyrir döff fólk. Mörg verkefni liggja fyrir þannig að nefndin mun hafa nægan starfa í framtíðinni. Málnefndin hefur lagt í hendur Samskiptamiðstöðvar að stuðla að varðveislu táknmálsins og formstýringu, þar sem nú þegar er verið að vinna með SignWiki.

Nú horfum við fyrst og fremst til þess að efla táknmál sem tungumál. Það sem skiptir mestu máli er að táknmálið lifi áfram og að börnin hafi aðgang að málinu. Mikilvægt er að öll heyrnarskert börn, hvort sem heyrnarskerðing er lítil eða mikil fái aðgang að félagslegum samskiptum á íslensku táknmáli á máltökuskeiði, menntun sé aðgengileg í gegnum táknmálið og börnin geti byggt á góðum grunni síðar á lífsleiðinni. Þá er menntun túlka og aðgengi að þjónustu þeirra mikilvæg.

Málnefndin hvetur alla til að senda inn ábendingar ef þeim finnst að eitthvað mætti betur fara.

SPREADTHESIGN.COM

Spread the Sign er alþjóðlegt verkefni fyrir Evrópusambandið sem tilheyrir "Leonardo da Vinci" áætluninni um lærdómsverkefni og nýsköpun (TOI). Í TOI verkefninu, er framkvæmd nýjunga í þýðingatekni þróuð, með hliðsjón af fyrri Leonardo da Vinci tilraunaverkefni frá árunum 2006-2008 undir sama nafni, Spread the Sign. Evrópusambandið og Leonardo hafa veitt okkur tækifæri til að sýna okkar burði til að bæta starfsmenntun fyrir heyrnarlausu nemendur í þeim löndum sem þátttakendur verkefnisins eru frá.

Það eru 18 lönd saman í þessu verkefni og eru uppfærslurnar mismiklar frá löndunum. Sum lönd eru búin að

bæta miklu við eða alveg að 75% á meðan önnur lönd eru bara rétt að byrja með 20% uppfærslu. Þessi lönd eru: Ameríka, Austurríki, Bretland, Eistland, Frakkland, Ísland, Ítalía, Japan, Lettland, Litháen, Portúgal, Pólland, Rússland, Spánn, Svíþjóð, Tékkland, Tyrkland og Þýskaland.

Sýningamyndbönd eru sýnd þarna til að mynda alls konar tákni á ýmsum tungumálum. Í þessu verkefni er bakgrunnurinn hafður eins á litinn í efni frá öllum þessum löndum. Táknsmiðjan hefur haldið utan um þetta verkefni fyrir hönd Íslands. Þetta er mjög spennandi og svoltið öðruvísi en SignWiki.

DÖFFBLAÐIÐ

OKTÓBER 2013

Við ætlum að birta næst Döffblaðið í október 2013. Ef þig langar að senda efni fyrir tímaritið til okkar, þá er það kostnaðarlaust að senda til okkar.

Með efni er átt við ritgerð, viðtal, grein, ljósmynd, uppskrift og fleira sem er hentugt fyrir tímaritið. Ef þú finnur efni sem þú telur passa vel fyrir tímaritið, þá er engin spurning að láta okkur vita og benda okkur á einhvað. En við erum með nokkra



punkta sem þú ættir að líta á áður en þú sendir efni til okkar:

Þú þarft að segja hver er höfundur efnisins.

Ef þú sendir okkur ljósmynd sem er ekki þín, þarftu að nefna ljósmyndara myndarinnar.

Verið velkomin að koma með athugasemd eða hugmynd sem ykkur dettur í hug fyrir næsta Döffblaðið.

Netfangið er deaf@deaf.is og munið að setja "Döffblaðið" sem titil tölvupóstsins.

Skilafresturinn er til 15. septembers 2013.

HJÖRDÍS ANNA

Hún er heyrnarlaus grunnskólakennari og verkefnistjóri hjá Hlíðaskóla og hefur setið í stjórn hjá nokkrum hagsmunafélögum.



GRUNNSKÓLAKENNARI MEÐ FJÖLBREYTTA REYNSLU

Eftir Kareninu Kristínu Chiodo

Hún var með æpandi rautt og krullað hár og bar frekurnar með stolti og sumir höfðu á orð að hún væri „skemmtilega frek“. Döffblaðið ætlar að grennslast betur fyrir um Hjördísi Önnu Haraldsdóttur.

Hún fæddist heyrnarlaus árið 1981. Skólagangan hófst snemma hjá henni eða í mars 1982 þegar hún var 8 mán-

aða gömul. Réttast er að benda á að það var í forathugunardeild í Rauða húsinu við Heyrnarleysingjaskólann.

Hjördís Anna lauk grunnskóla 16 ára og eftir það tók Menntaskólinn við Hamrahlíð við og þaðan lauk hún stúdentsprófi af félagsfræðibraut í desember 2001. Hún lærði til grunnskólakennara í Kennaraháskóla Íslands

og útskrifaðist með B.Ed. gráðu í júní 2005. Um haustið hóf hún að kenna við táknaálssvið í Hlíðaskóla og í dag er hún enn að kenna í hálfri stöðu á mótí að vera verkefnastjóri táknaálssviðs í hálfri stöðu. Hjördísi Önnu finnst mjög gaman að læra alltaf eitthvað nýtt á hverjum degi frá nemendum og samstarfsmönnum. „Merkilegt hvað mikil



HJÖRDÍS Á FUNDI

Hún var viðstödd á aðalfundi Félags heyrnarlausra um daginn.

samvinna er í samskiptum“.

Þegar hún var barn, var hún mjög forvitin og spurði alltaf „Af hverju?“. Ein saga sem henni var sögð af henni þegar hún var 2-3 ára var þannig að hún horfði á tvær föstrur tala saman á milli sín á íslensku og togaði í aðra þeirra og spurði um hvað þær voru að tala. Alltaf að fylgjast með umhverfinu og fræðast.

Svo um 7 ára aldur hóf hún námi „stóra skólanum“ sjálfum Heyrnarleysingjaskóla en það nægði henni ekki að vera bara í Heyrnarleysingjaskólanum. Hún byrjaði að mæta í Hvassaleitisskóla sem var í hverfinu hennar, hún átti vinkonu sem gekk þar og byrjaði að mæta með henni eftir skóla. Í þá dag var grunnskólinn tvísetinn. Að lokum skráði mamma hennar hana í skóla og hún mætti einu sinni í viku í tvo vetur. Enginn túlkur var í boði en hvernig fór hún að því að ná öllu sem fór fram? Hún sat við hliðina á vinkonu sinni sem endursagði allt sem kennarinn sagði og hún las af vörum hennar. Þessi reynsla var mjög spennandi og skemmtileg að hennar mati. Hjördís Anna tók það fram að þegar hún byrjaði að mæta í Hvassaleitisskóla þá komst hún að því að hún væri á undan jafnöldrum sínum í stærðfræði og skrift.

Hvers vegna varð kennaranám fyrir valinu? Upphaflega ætlaði hún fara í grafíska hönnun eftir stúdentspróf. Planið var að fara í Myndlistaskóla Reykjavík í einn vetur til að safna ferlimöppu fyrir umsókn í Listaháskóla Íslands. Til að komast inn í Myndlistaskólann þurfti inntökupróf. Pabbi hennar sagði henni að sækja líka um KHÍ til vara. Svo kom í ljós að hún komst ekki inn í Myndlistaskóla og var á biðlista að komast inn í KHÍ. Um tíma var allt óljóst með framtíðina. Hjördís Anna er þakklát fyrir þá reynslu að vera í óvissu um tíma vegna þess að það er ekki sjálfsgæfið að plön gangi upp alltaf. En svo að lokum um hásumar 2005 fékk hún vita að hún komst inn í KHÍ.

Nú í dag er hún ánægð með þá ákvöðun að fara í kennaranám en það ætti ekki að koma á óvart. Þegar hún var 8 ára þá ætlaði hún að verða handavinnukennari þegar hún yrði stór, svo ætlaði hún að verða skólastjóri þegar hún var 10 ára. Á unglingsárunum ætlaði hún að verða geimfari enda með brennandi áhuga á stjörnum og geimnum, sérstaklega geimstöðvum. Þetta ætti skýra betur hvers vegna Hjördís er grunnskólakennari með kjörsvið í náttúrufræði, eðlisfræði og efnafræði.

Nú skulum við að fræðast aðeins um vinnuna hennar Hjördísar Önnu. Það eru um 465 nemendur í Hlíðaskóla og

þar af 14 Döff, heyrnar-skertir og aðrir skráðir á Táknmálssvið. Nemendur á Táknmálssviði dreifast yfir alla aldurs-hópa en vert er að taka það fram að síðustu árin hefur þetta æxlast þannig að árgangar sem eru í sléttri tölu innihalda döff nemendur en ekki oddatala þannig að það eru yfirleitt 2 til 5 í sama árgangi sem Hjördís Anna telur vera draumastöðu því þá þarf enginn að vera einn í sínum árgangi.

Hlíðaskóli og Vesturhlíðaskóli voru sameinaðir fyrir 10 árum síðan og þá var Vesturhlíðaskólinn lagður niður og Táknmálssvið komið álaggirnar í Hlíðaskóla. Allir nemendur fylgja einstaklingsmiðaðri námskrá sem er mjög misjöfn og fer eftir hverjum og einum. Námsumhverfið mætir einnig þörfum nemenda. Til dæmis er FM búnaður í skólanum og hljóðkerfi sem bætir hljóðvist í bekk. Svo eru þar táknmálstúlkar sem eru inni í bekk, sérstaklega á unglingsstigi. Döff stuðningsfulltrúi eða Döff kennari í bekk í „Tveggja kennara kerfi“. Í döff bekkur eru nemendur í sérkennslu eða fá kennslu eingöngu á táknmáli. Sumir

2000 með einu ári í hlé á milli, var formaður FH 2006-2009. Svo hefur hún setið í framkvæmdastjórn hjá ÖBÍ síðan 2008. Hjá ÖBÍ er hún búin að vera í nokkrum stöðum s.s. varamaður, gjaldkeri, varaformaður. Aðspurð segist Hjördís hafa gaman af að sitja á fundum og gantast með því að vera fundafikill. Það er bara skemmtilegt, fróðlegt og maður lærir alltaf svo margt. Einnig hefur hún verið í starfsmannafélagi og starfað sem trúnaðarmaður Hlíðaskóla í

“MERKILEGT HVAD MIKIL SAMVINNA ER Í SAMSKIPTUM.”

þurfa meiri stuðning við námið en aðrir fylgja jafnöldrum sínum í bekk. Þetta er mjög vítt og þeir á Táknmálssviði leitast eftir bestu getu að mæta námsþörfum nemenda.

Samstarf með öðrum kennarum gengur vel. Bæði í tímum og á kaffistofnu. Það eru líka 5 Döff kennarar og stuðningsfulltrúar sem vinna í Hlíðaskóla. Á fundum og samstarfsfundum er táknmálstúlkur en fyrir utan það er stundum ekki túlkur til taks. Þá bjargar Hjördís sér með varalestri en hún tekur það fram að oft nær hún 2-4 orðum og fyllir upp eyðurnar til að skilja samhengið betur. Létt er að lesa af vörum ef það er vitað fyrirfram hvað er verið að ræða um, annars er það erfiðara. Draumurinn er samt að hafa túlk í vasanum öllum stundum.

Hjördís Anna hefur alltaf haft nóg á sinni könnu. Hún hefur stundað stjórnarstörf hjá Félagi heyrnarlausra síðan

eitt ár. Svo hefur hún fengið mörg tækifæri að sækja ráðstefnur og fundi bæði hérlendis og erlendis.

En hvað ber framtíðin í skauti sér hjá Hjördísi Önnu? Að hennar sögn er framtíðin opin og ekkert ákveðið. Hún segist sjá fyrir sig að fara í frekara nám en er annars bara opin fyrir tækifærum sem birtast. Áhuginn liggur sterkast í fræðslumálum og allt sem tengist skólastarfi en einnig félagstörfum. Hún hefur einnig áhuga á mörgum sviðum, t.d. ljósmyndun, leiklist, ferðalögum, útvist og segist að hafa „of breitt“ áhugasvið sem hefur bæði kosti og galla.

Hjördís Anna hefur nóg að gera og hefur víða komið við bæði í starfinu og í félagsmálum. Dagbókin hennar er bókuð fram í tíma. Hver veit nema hún verði komin í stjórn hjá WFD í framtíðinni.



KUÐUNGSÍGRÆÐSLA

Stöðugrein frá heimasíðu Evrópuráðs heyrnarlausra (EUD)

Á undanförunum árum er í auknum mæli farið að setja ígræðslur í heyrnarlaus börn á unga aldri. Evrópuráð heyrnarlausra (EUD) hefur vaxandi áhyggjur af að foreldrar fái ekki hlutlægar og vel rannsakaðar upplýsingar varðandi tákn-mál og Döffmenningu, auk tvítyngdrar menntunar á táknmáli og þjóðtungunni. Foreldrar verða að geta tekið upplýsta ákvörðun þegar valið stendur um að fá kuðungsígræðslu eða ekki. Það getur aðeins orðið ef lækna- og félagsráðgjafar veita hlutlægar upplýsingar sem byggjast á rannsóknum þar sem gögn liggja til grundvallar og rannsóknir taka á talskilningi og tali ásamt raunverulegum áhrifum á menntun. Þarna verður að vera aðgangur að döff fyrirmynd, upplýsingar um hina ríkulegu döffmenningu, þ.á.m. táknmál, auk aðgangs að táknmálskennslu fyrir bæði foreldra (einnig systkini eða aðra nána ættingja) og heyrnarlausu barnið.

Kuðungsígræðsla (CI) felur í sér að komið er fyrir flóknu rafeindataeki sem getur hjálpað við að veita algjörlega heyrnarlausum eða nær heyrnarlausum einstaklingi heyrn. Upphaflega var tækið þróað fyrir fullorðna sem höfðu misst algjörlega heyrn eftir að hafa verið heyrnardaufir áður. Nú er tækið grætt í börn allt niður í hálfis árs gömul. Kannanir sýna að börn með kuðungsígræðslu fá ekki heyrn; tækið er ekki ofur-heyrnartæki og árangurinn er ákaflega mismunandi. Hljóðupplýsingum er breytt í rafboð sem eru svo send beint í kuðungstauga. Heili barns er mörg ár að þjálfast í að túlka þessi merki. Mörg börn ná ekki fullri tækni við það á æviskeiði sínu svo að

táknmál verður áfram nauðsynlegt tjáningarform.

Evrópuráð heyrnarlausra styður ekki þrýstinginn sem beitt er í sumum löndum gagnvart foreldrum til að láta barn sitt fara í ígræðslu án þess að veita þeim upplýsingar um margvíslega aðra valkosti sem bjóðast þeim. Marschark (2001) bendir á: „Kuðungsígræðslur breyta ekki heyrnarlausum börnum í heyrandi börn. Þau eru frekar eins og börn með skerta heyrn.“ Þetta er mikilvægt atriði í samskiptum við börn með ígræðslu því þeim verður að tryggja nægilegan aðgang að tungumáli til að geta menntað sig til jafns við aðra og án tungumálhindrana.

Vísindamenn misskilja oft sambandið milli þess að taka við hljóðupplýsingum í formi rafboða og þess að geta fylgst með og skilið samtal. Því styður EUD bæði börn með ígræðslu og heyrnarlaus börn til að læra táknmál síns lands frá fæðingu, en það er eina málið sem er að fullu aðgengilegt fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn og fullorðna, jafnvel þar sem margir eru að tala í einu. Táknmál eru eðlileg mál sem hafa eigin málfræði og orðasöfn, alveg eins og önnur tungumál. Táknmál eru varin með lögum um alla Evrópu og um heiminn allan, allt frá viðurkenningu í stjórnarskrá til laga um tungumál, auk laga um örorku (Wheatley og Pabsch 2010).

EUD leggur áherslu á að kennslufræðilegar nálganir verður að aðlaga þörfum einstakra barna (sjá einnið Preisler 2001) og umhverfi þeirra. Ekkert bendir til að máltaka á táknmáli komi í veg fyrir að læra talað mál. Niðurstaða Giezens (2011) sýnir að

börn með ígræðslu ættu a.m.k. að fá að njóta tákn máls að einhverju leyti því það „getur verið lykillinn að góðum samskiptum milli foreldra og barns á unga aldri og getur verið mikilvægur grunnur að vitsmunalegum, málvísindalegum og félagslegum þroska“.

Marschark (2009) er ákveðinn í að „færni í tákn máli styður þróun talaðs máls þegar hæfileikinn til að fá hljóðgögn – til dæmis með kuðungsígræðslu – er fenginn“ sem verður til þess að bæði Marschark (2009) og Szagun (2010) komast að þeirra niðurstöðu að börn með kuðungsígræðslu geta ekki tapað neinu með því að læra táknmál og útskýra að barn ætti að fá tækifæri til að velja sjálft síðar hvort málið það vill heldur almennt eða við ákveðnar aðstæður. Sýnt hefur verið fram á að tvítyngi bætir vitsmunalega hæfni og eykur einnig tækifæri barns félagslega og hvað fagmennsku þess varðar.

Enn er litið á heyrnarleysi sem lækisfræðilegt ástand með tæknilegri lausn. Lausn lækisfræðinnar á heyrnarleysi byggist fremur á lækisfræðilegu líkani en félagslegu líkani fötlunar og er ekki ásættanleg að mati ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra, en þar var skýrt kveðið á að réttindi heyrnarlausra til að nota táknmál. Það hlýtur líka að gilda um börn með ígræðslu svo þau megi læra táknmál á unga aldri til að tryggja vitmunalegt heilbrigði þeirra.

EUD þakkar Donnu Jo Napoli fyrir ómetanlegt framlag hennar til greinarinnar.

VIÐ STYRKJUM FÉLAG HEYRNARLAUSRA



FRÁFÖLL FÉLAGSMANNA

Félag heyrnarlausra þakkar þeim félagsmönnum fyrir samveruna og heiðrar minningu þeirra. Megi þeir hvíla í friði.

Fráföll félagsmanna 2012



AGNES EIRÍKSDÓTTIR

Agnes Eiríksdóttir, f. 23. mars 1932 á Akranesi, d. 18. september 2012 á Akranesi. Hún var 80 ára þegar hún lést. For.: Eiríkur Jónsson og Guðveig Jónsdóttir. Agnes bjó 20 ár í Danmörku og síðustu árin hefur hún verið á Akranesi eða síðan 1981. Hún átti tvö börn, Kolbrúnu Ríkey Carter, f. 1953 og Kristínu Birgisdóttur, f. 1954.

JÓSEF HELGI HELGASON

Jósef Helgi Helgason, f. 15. október 1941 á Patreksfirði, d. 22. júlí 2012. Hann var 70 ára þegar hann lést. For.: Helgi Gestsson og Sigríður Brynjólfsdóttir. Jósef var einhleypur og barnlaus. Hann bjó á Þingeyri sem ungmenni og svo síðustu árin í Reykjavík.



Fráföll félagsmanna 2013



DANÍEL JACOB JENSEN

Daniel Jacob Jensen, f. 14. júní 1930 í Skalavík Sanda í Færeyjum, d. 13. janúar 2013 í Reykjavík. Hann var 82 ára þegar hann lést. For: Jacob Hendrik Jensen og Elesbeth Marlene Thomasen. Daniel var einhleypur og barnlaus. Daniel bjó í Færeyjum, Danmörku og á Íslandi síðustu árin eða frá 1956.

HALLDÓRA FRÍÐA ÞÓRÐARDÓTTIR MATZAT

Halldóra Fríða Þórðardóttir Matzat, f. 24. febrúar 1929, d. 23. janúar 2013 á Flórída í Bandaríkjunum. Hún var 82 ára þegar hún lést. For: Þórður Sigurðsson og Þóra Ágústa Ólafsdóttir. Halldóra var gift, Felix Matzat, f. 1927 og átti 2 börn, Allan Thor Matzat, f. 1950 og Laurie Hedwig Matzat, f. 1956. Halldóra fluttist til Bandaríkjanna þegar hún var 19 ára og bjó þar til dánardags.



ARNE GUÐBJÖRN ELLIGSSEN MAGNÚSSON

Arne Guðbjörn Ellingsen Magnússon, f. 24. maí 1932 í Reykjavík, d. 30. mars 2013 í Reykjavík. Hann var 80 ára þegar hann lést. For: Magnús Guðbjörnsson og Else Edith Ellingsen. Arne var ógiftur en átti 2 börn, Guðrúnu Ágústu Arnardóttur, f. 1957 og Magnús Arneson.





VÍSINDASÍÐFRÆÐI OG HEYRNARLEYSI

Stöðugrein frá heimasíðu Evrópuráðs heyrnarlausra (EUD)

Í 21. grein Sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi er fjallað um bann við mismunun og hún bönnuð á grundvelli nokkurra atriða, þ.á.m. erfðafræðilegra þátta. Þetta er enn frekar undirstrikað í Samningi um mannréttindi og líflæknisfræði frá 1997 þar sem segir að „allar gerðir mismununar á grundvelli erfðaþátta fólks er bönnuð“. Þetta grundvallar viðhorf til mismununar sýnir á fullnægjandi hátt að fólki sem er með erfðafræðilega tilhneigingu til að vera döff eða er heyrnarlaust af erfðafræðilegum ástæðum megi ekki mismuna.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (UNCRPD) bannar alla mismunun gagn fötludu fólki. Í grein 23(1)c er sérstaklega kveðið á um vernd frjóssemi fatlaðs fólks til jafns við aðra. Í þessum hópi eru heyrnarlausir, hver sem ástæða heyrnarleysis þeirra kann að vera. Síðan samingurinn tók gildi í maí 2008 hefur félagslegt líkan fötlunar orðið staðlað á einstakan hátt. Þetta var fyrsti samningurinn sem var fullgiltur í heild af Evrópusambandinu (í desember 2010) og fjöldi undirritenda hefur verið og er enn að fjölga hraðar en nokkru sinni.

Samt sem áður má sjá aðgerðir til að „staðla“ döff fólk í næstum hverju einasta Evrópusambandsríki. Stöðlun sem stefnuúrræði hefur ekki skilað tilætluðum árangri fyrir samfélögin eins og vonast hafði verið til. Slík úrræði geta verið allt frá því að neyða fólk í kuðungsígræðslu til þess að vera með ófötluduðum nemendum í skóla þar sem ekki er aðgangur að máli, í þessu tilfelli táknmáli landsins, eða erfðafræðileg þróun til að greina „döff genin“ með útrýmingu í huga. Þessar tilraunir benda til stefnumörkunar sem ætlað er að útrýma heyrnarleysi eða draga verulega úr því og tengjast úreltu læknisfræðilegu líkani sem er ekkert í líkingu við „sameinuð í fjölbreytileika“ nálgunina sem Evrópusambandið stuðlar að. Stöðlun sem stefnuúrræði getur haft alvarlega afleiðingar á döff samfélög og táknmál þeirra og jafnvel leitt til útrýmingar.

Eftir mikið starf Döff samtaka um allan heim, sérstaklega Heimssamtaka heyrnarlausra, veitir UNCRPD greinilega táknálsnotendur jafnan rétt á við

aðra og viðurkennir menningar-málþátt Döff samfélagsins og einstaklinga innan þess og veitir þeim tungumálaleg og menningarleg réttindi, sambærileg þeim sem fylla minnihlutahópa frumbyggja. Evrópuráð heyrnarlausra óttast hins vegar að verið sé að setja ný lög í þó nokkrum Evrópusambandslöndum sem takmarkar líffræðilegan margbreytileika manna með því að leyfa þörum eða læknum að velja hvaða föstrum er komið fyrir í konum við erfðafræðileg próf og eftir ráðgjöf. Nánar tiltekið að bannað verði að koma fyrir föstrum sem gætu hugsanlega verið döff frá fæðingu eða orðið heyrnarlaus síðar í lífinu. Eitt mest sláandi dæmið voru lög í Bretlandi um frjóvgun og fósturfræði frá 2008 sem var mjög umdeild ekki aðeins í Bretlandi heldur um alla Evrópu og heiminn. Í ákvæði 14(4)(9) stendur:

„Fólk eða fóstur sem vitað er að sé með galla í erfðavísi, litningi eða hvatbera svo að umtalsverð hætta er á að manneskja með gallann verði með eða þrói:

- alvarlega líkamlega eða andlega fötlun,
- alvarlegan sjúkdóm,
- eitthvert annað alvarlegt læknisfræðilegt ástand,

má ekki taka fram yfir þau sem ekki er vitað til að séu ekki með slíkan galla.“

Í almennum umræðum áður en lögin fóru í gegnum þingið var heyrnarleysi notað sem dæmi um „alvarlega líkamlega fötlun“. Borgarar sem eru döff af erfðafræðilegum ástæðum voru notaðir sem dæmi um fólk sem fengi ekki að leggja til kynfrumur ef þeir létu uppi ætlun sína um að flytja áfram heyrnarleysisgen. Döff þör og gjafar kunna einnig að verða spurð af heilbrigðisstarfsfólki hvort þau sé að gefa fyrir þar sem getur ekki getið barn á hefðbundinn hátt. Þetta er að mati Evrópuráðs heyrnarlausra framkoma sem er fjarri öllu jafnrétti gagnvart töluverðum fjölda borgara landsins og er ekki í samræmi við UNCRPD eða Áætlun Evrópusambandsins í málefnum fatlaðs fólks sem hvort tveggja miðar að því að auka jafnrétti meðal alls fólks, hver sem fötlun þess kann að vera.

Evrópuráð heyrnarlausra hefur enn fremur áhyggjur af því að þessi þróun

leiði til þess að bæði döff og heyrandi þör neyðist til að eignast ekki börn eða að á þau verði þrýst að velja heyrandi föstur ef þau fara í erfðafræðilegt próf af persónulegum ástæðum (t.d. rannsókn á erfðafræði fjölskyldu sinnar) (Emery 2007). Erfðafræðilegar upplýsingar verða að vera í fullkomnum trúnaði og má alls ekki nota til að gera upp á milli fólks af vinnuveitendum, yfirvöldum eða heilbrigðisstarfsfólki og tryggingafélögum. Það er nauðsynlegt að erfðafræðilegir ráðgjafar geri sér grein fyrir að döff eða heyrnarskert þör geti haft annað gildsmat og skilning á hvernig barn þeirra ætti að vera (Middleton, 2010). Menningarlegt umhverfi (í þessu tilfelli döff samfélagið) þarf að vera tekið til greina þegar foreldrar leita eftir ráðgjöf varðandi barneignir.

Því fer Evrópuráð heyrnarlausra fram á fullan aðgang að ráðgjöf fyrir döff þör eða fjölskyldur á táknmáli svo að væntanlegir foreldrar geti tekið ákvörðun grundaða á réttum upplýsingum en ekki á fordómum; slík framkvæmd skapar umhverfi sem útilokar döff fólk og þör í stað þess að hlúa að samþætту samfélagi sem metur alla borgara sína jafnt.

Evrópuráð heyrnarlausra hvetur ríkisstjórnir Evrópulanda og Evrópusambandið til að gæta trúnaðar með erfðafræðilegar upplýsingar. Mismunun á grundvelli erfðafræðilegra upplýsinga verður að refsa fyrir og banna með því að beita tækjum jafnréttis, sérstaklega hvað varðar ráðningu í störf, tryggingar og ráðgjöf á sviði barneigna. Evrópuráð heyrnarlausra krefst þess að Evrópuráðið endurveki Tilskipun um bann við mismunun og að gera hana að fullgildum lögum svo fljótt sem auðið er til að tryggja að tekið sé á mismunun á öllum hugsanlegum sviðum.

Evrópuráð heyrnarlausra þakka Alison Bryan, Steven Emery og John Bosco Conama fyrir ómetanlegt framlag þeirra til greinarinnar.

MYNDIR FRÁ KONUKVÖLDI

Konurnar halda konukvöld þar sem þær hittast einu sinni í mánuði eða á tveggja mánaða fresti. Markmiðið er að hittast og fá fræðslu eða kynningar sem henta konum sérstaklega, og jafnvel að fönðra ýmislegt eins og kertaskreytingar, mála og fleira. Einnig hafa verið kynningar á undirfötum og fatastíl.



Konurnar fylgdust með kynningunni sem Ólöf var með á konukvöldinu.



Ólöf Þuríður Pétursdóttir var með fatastílskynningu um hvernig föt passa við ákveðna kvenmanns-likama.




Sunna lauk við að mála myndina á postulínsmuninum sínum.

KON



Á konukvöldinu var boðið upp á postulínsnámskeið. Konurnar keyptu sér postulínsmun með teikningu til að mála á.



N1 KORTIÐ SKILAR SPARNAÐI OG PUNKTUM UM ALLT LAND!

Sæktu um kort á n1.is

**1 PUNKTUR
= 1 KRÓNA**
Í VIÐSKIPTUM VIÐ N1

**Ert þú að
missa af þínum
ávinningi?**